



Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skýrsla um þróunarverkefni 2008-2009

Akureyri í janúar 2010



Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skýrsla um þróunarverkefni 2008-2009

Arnfríður Aðalsteinsdóttir

verkefnisstjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tillögur að áframhaldandi jafnréttisstarfi	2
Lýsing á verkefninu og framvinda	3
Aðdragandi	3
Markmið verkefnisins	4
Uppbygging verkefnisins	4
Framkvæmd og framgangur verkefnisins	5
Vinnufundir með þátttökuskólunum	5
Stýrihópur	7
Faghópur	7
Kynning á verkefninu	8
Styrkir	9
Barnabókin Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Rósa var Ragnar	9
Endurmenntun fyrir starfandi kennara	10
Mat á verkefninu	11
Lokaskýrslur skólanna	11
GRUNNSKÓLAR	11
Vogaskóli	12
Lækjarskóli	12
Hörðuvallaskóli.....	12
Lundarskóli	13
Varmárskóli	13
LEIKSKÓLAR	13
Hörðuvellir.....	13
Reykjakot.....	13
Smárahvammur	14
Lundarsel	14
Múlaborg	14

Árangursmat Rannsóknar og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri	15
GRUNNSKÓLAR - Viðhorfskönnun meðal grunnskólanemenda.....	15
Samantekt á niðurstöðum árangursmats í grunnskólum	16
Lundarskóli á Akureyri	17
Lækjarskóli Hafnarfirði	17
Hörðuvallaskóli Kópavogi	18
Varmárskóli Mosfellsbæ	18
Vogaskóli í Reykjavík	19
Mat tengiliða á jafnréttisverkefni í grunnskólum	19
LEIKSKÓLAR - Viðhorfskönnun meðal starfsmanna.....	20
Svör starfsmanna við opnum spurningum og viðhorf til jafnréttisverkefnis	21
Samantekt á niðurstöðum árangursmats í leikskólum	21
SAMANTEKT - Leik- og grunnskóli	22
Niðurstöður faghóps.....	22
Niðurstöður stýrihóps	24
Heimasíða verkefnisins	25
Niðurstöður og lærdómur.....	26
Náðust markmiðin sem lagt var upp með?	26
Heldur verkefnið áfram innan skólanna og / eða nær það til annarra skóla?	28
Tillögur að áframhaldandi starfi	30
Lokaorð	33
Fylgiskjöl.....	34

Inngangur

Hér er fjallað um þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* sem fimm leikskólar og fimm grunnskólar tóku þátt í skólaárið 2008-2009. Verkefnið er samstarfsverkefni félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Jafnréttisstofu, Akureyrarbæjar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar og Reykjavíkurborgar. Menntamálaráðuneytið styður verkefnið og leggur framkvæmd þess lið ásamt Jafnréttisráði og fjölmörgum styrktaraðilum. Verkefnið, sem var hugsað til eins árs, miðar að því að auka og efla jafnréttis- og kynjasjónarmið í leik- og grunnskólum landsins. Í skýrslunni er lagt mat á verkefnið og settar fram tillögur um eflingu jafnréttisstarfs í skólum landsins.

Tillögur að áframhaldandi jafnréttisstarfi

Eftirfarandi tillögur koma meðal annars fram í skýrslunni:

- *Kynjafræði í kennaramenntun.* Kynjafræði verði skyldunámsgrein í kennaramenntun og komi sterkar inn í endurmenntun kennara.
- *Ábyrgð menntamálaráðuneytisins, skólafirvalda og skólastjórnenda.* Menntamálaráðuneytið sinni eftirlitshlutverki sínu og kalli eftir upplýsingum um jafnréttisfræðslu í skólum. Skólafirvöld og skólastjórnendur axli ábyrgð á jafnréttisfræðslu í skólum.
- *Þróunarstarf tekur tíma.* Kynna verkefnið og afrakstur þess sem víðast. Tryggja fleiri sveitarfélögum þátttöku og þáttökuskólunum tíu áframhaldandi stuðning og ráðgjöf.
- *Námsefni og útgáfa á jafnréttisfræðsluverkefnum.* Gera faglega úttekt á því jafnréttisfræðslunámsefni sem til er og gefa út jafnréttisfræðsluverkefningu sem unnin voru í tengslum við verkefnið.
- *Heimasíða.* Tryggja áframhaldandi utan um hald og uppfærslu á heimasíðu verkefnisins www.jafnrettiiskolum.is.
- *Erlent samstarf.* Kanna í hvaða sjóði hægt er að sækja varðandi erlent samstarf og veita skólum stuðning við þessar styrkumsóknir.
- *Námskrár.* Efla þarf vægi jafnréttisfræðslu í námskrám nú þegar endurskoðun fer fram. Ekki má draga úr vægi kynjajafnréttis í jafnréttisumræðunni.
- *Sjálfsmat skóla.* Jafnréttisstarf komi inn í sjálfsmat skóla.
- *Jafnréttisviðurkenning.* Veita skólum viðurkenningu fyrir gott starf á sviði jafnréttismála.

Lýsing á verkefninu og framvinda

Í 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Aðdragandi verkefnisins

Upphaf verkefnisins má rekja til ráðstefnunnar *Kynlegur skóli* sem haldin var í Hafnarfirði í mars árið 2006 á vegum lýðræðis- og jafnréttisnefndar Hafnarfjarðarkaupstaðar og jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar í samstarfi við menntamálaráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið. Á ráðstefnunni kynnti Kira Appel, sérfræðingur í danska jafnréttisráðuneytinu, jafnréttisverkefni Dana „*Kynbundið námsval – jafnréttisfræðsla fyrir stelpur og stráka*“. Sérstök heimasíða þessa danska verkefnis var þýdd og staðfærð á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins <http://jafnretti.felagsmalaraduneyti.is/>. Fram kom að eitt af því sem hindrar jafnréttisstarf í skólum er vöntun á námsefni og verkfærum. Í kjölfarið hófu jafnréttisfulltrúar fimm sveitarfélaga ásamt fulltrúum frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu og Jafnréttisstofu undirbúning jafnréttisfræðsluverkefnis hér á landi. Þessir aðilar mynduðu stýrihóp verkefnisins ásamt fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu sem kom síðar að verkefninu.

Verkefnisstjóri var ráðinn 1. apríl 2008 meðal annars til að vera tengiliður við þátttökuskólana og setja upp og hafa umsjón með heimasíðu verkefnisins. Leitað var til fagfélaga leikskólakennara, grunnskólakennara og náms- og starfsráðgjafa og óskað eftir að félögin tilnefndu og kostuðu fulltrúa í faghóp verkefnisins. Faghópurinn hittist á sínum fyrsta fundi í lok júní 2008.

Fyrsti vinnufundur verkefnisins var fimmtudaginn 22. maí 2008 og þá undirrituðu Jóhanna Sigurðardóttir þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, Ólafur F. Magnússon þáverandi borgarstjóri í Reykjavík, Lúðvík Geirsson bæjarstjóri í Hafnarfirði, Jóhanna B. Magnúsdóttir, formaður fjölskyldunefndar í Mosfellsbæ, Katrín Björg Ríkarðsdóttir framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindaeildar Akureyrarbæjar og Árni Þór Hilmarsson framkvæmdastjóri fræðslusviðs Kópavogsbæjar samstarfssamning um þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* (fylgiskjal 1). Verkefnið, sem var hugsað til eins árs, miðar að því að auka og efla jafnréttis- og kynjasjónarmið í leik- og grunnskólum landsins.

Markmið verkefnisins

Kynbundið náms- og starfsval hindrar einstaklinginn í að takast á við það nám og starf sem hann hefur áhuga á og hæfileika til. Það getur leitt til þess að ekki verði allar leiðir íhugaðar og sumar leiðir fyrir fram útilokaðar því þær eru ekki taldar hæfa viðkomandi kyni. Með markvissri fræðslu og umræðu frá upphafi skólagöngu er hægt að gefa ungu fólki tækifæri til að taka sínar eigin ákvarðanir varðandi framtíð sína. Jafnframt styður fræðsla í jafnréttismálum við málaflokkinn þegar litið er til framtíðar.

Meginmarkmið verkefnisins eru eftirfarandi:

- Að efla jafnréttisfræðslu í skólum.
- Að samþætta kynjasjónarmið í kennslu.
- Að auka samvinnu *milli* sveitarfélaga um jafnréttismál á sviði skólamála.
- Að auka samvinnu *innan* sveitarfélags um jafnréttismál almennt.
- Að auka upplýsingaflæði um jafnréttisfræðslu.
- Að búa til vettvang þar sem miðlað er af reynslu. Þannig að kennarar og aðrir geti nýtt sér hugmyndir og verkefni sem gefið hafa góða raun.

Uppbygging verkefnisins

Verkefnið er tvíþætt, annars vegar uppsetning og viðhald heimasíðu um jafnréttismál og skólastarf og hins vegar jafnréttisfræðsluverkefni sem unnin voru í fimm leikskólum og fimm grunnskólum skólaárið 2008-2009.

Heimasíðan www.jafnrettiiskolum.is hefur að geyma upplýsingar um jafnréttisfræðslu og jafnréttisstarf í skólum, skýrslur, lokaritgerðir, auk upplýsinga um námsefni og verkefni sem nota má í skólastarfi. Heimasíðan er byggð upp með það í huga að hún gagnist öllum þeim sem vilja fræða og fræðast um jafnrétti í skólastarfi. Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, opnaði heimasíðuna þann 17. september 2008.

Þátttökusveitarfélögin fimm tilnefndu öll einn grunnskóla og einn leikskóla til að sinna tilraunaverkefnum á sviði jafnréttismála skólaárið 2008-2009. Kennarar, námsráðgjafar og aðrir starfsmenn skólanna höfðu frumkvæði að útfærslu og framkvæmd verkefnanna. Skólarnir kynntu afrakstur vetrarins á námsstefnu í Salnum í Kópavogi þann 26. maí 2009. Verkefnin sem þar voru kynnt eru aðgengileg á heimasíðunni www.jafnrettiiskolum.is.

Framkvæmd og framgangur verkefnisins

Verkefnisstjóri hóf störf 1. apríl 2008 og byrjaði á því að setja sig í samband við og heimsækja skólana sem sveitarfélögin höfðu tilnefnt. Á Akureyri voru þáttökuskólarnir Lundarskóli og Lundarsel, Lækjarskóli og Hörðuvellir í Hafnarfirði, Vogaskóli og Múlaborg í Reykjavík, Kópavogsbær tilnefndi Hörðuvallaskóla en Smárahvammur kom síðar inn í verkefnið. Í þessum heimsóknum var þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* kynnt fyrir skólastjórnendum. Í byrjun júní fundaði verkefnisstjóri með skólastjórnendum í Mosfellsbæ og í framhaldinu tilnefndi sveitarfélagið Varmárskóla og Reykjakot í verkefnið.

Jafnréttisfræðsluverkefnin fóru af stað í þáttökuskólunum við upphaf skólaárs haustið 2008 að undanskildum verkefnum Varmárskóla í Mosfellsbæ og Lundarskóla á Akureyri. Þeir skólar ákváðu að hefja sín verkefni í upphafi árs 2009, meðal annars vegna þess að ekki hafði verið gert ráð fyrir jafnréttisfræðsluverkefninu við skipulag skólastarfsins.

Verkefnisstjóri heimsótti flesta skólana tvisvar til þrisvar sinnum skólaárið 2008-2009 og suma oftár. Fulltrúar faghópsins og / eða stýrihópsins voru stundum með í þessum heimsóknum en markmið fundanna var að veita skólunum faglegar ráðleggingar og stuðning.

Vinnufundir með þáttökuskólunum

Fimm sameiginlegir vinnufundir voru haldnir með skólunum skólaárið 2008-2009. Markmið fundanna var að fulltrúar þáttökuskólanna hittust, viðruðu hugmyndir sínar, skiptust á skoðunum og miðluðu reynslu. Á fundunum veitti faghópurinn og verkefnisstjóri skólunum faglegan stuðning og boðið var upp á fræðileg innlegg um jafnréttismál.

Fyrsti vinnufundur verkefnisins var í Lækjarskóla í Hafnarfirði þann 22. maí 2008. Á fundinum kynnti verkefnisstjóri verkefnið, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor við Háskólann á Akureyri var með fræðilegt innlegg sem hann nefndi *Jafnrétti, kynjafraedi, femínismi, skólastarf*. Íris Arnardóttir námsráðgjafi í Hörðuvallaskóla í Kópavogi kynnti hugmyndir skólans að jafnréttisfræðsluverkefni og Kristín Ólafsdóttir jafnréttisfulltrúi í Kópavogi kynnti jafnréttisáætlun leikskóla Kópavogs og gátlista sem tæki til að útfæra stefnuna. Í lok fundarins var samstarfssamningur um verkefnið undirritaður í leikskólanum Hörðuvöllum í Hafnarfirði.

Annar vinnufundurinn var haldinn 17. september 2008. Fundurinn sem var í Vogaskóla hófst á því að Jóhanna Sigurðardóttir þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra opnaði heimasíðu verkefnisins www.jafnrettiiskolum.is. Katrín Anna Guðmundsdóttir MA nemi í

kynjafræði, var með fræðilegt innlegg sem hún nefndi: „*Á eigin forsendum eða annarra? Kyngervi, hinun og sjálfraði.*“ Að loknu erindinu skoðuðu þátttakendur kynjamyndir í auglýsingabæklingum og unnu verkefni. Skólarnir kynntu síðan jafnréttisfræðsluverkefni sín og / eða verkefnalýsingar.

Þriðji vinnufundur skólanna var miðvikudaginn 7. janúar 2009 í Hörðuvallaskóla í Kópavogi. Ingólfur V. Gíslason lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands var með fræðilegt innlegg þar sem hann fjallaði um stöðu drengja og karla í tilverunni, jákvæðar hliðar og neikvæðar og hugsanlegar birtingarmyndir þeirra atriða í leik- og grunnskólum. Skólunum var síðan skipt í tvo hópa þar sem farið var yfir stöðu og framgang jafnréttisfræðsluverkefnanna. Fulltrúar faghópsins stýrðu umræðum og veittu ráðgjöf.

Fjórdi vinnufundurinn var haldinn í Lækjarskóla í Hafnarfirði þriðjudaginn 10. mars 2009. Fundurinn hófst á því að verkefnisstjóri kynnti niðurstöður úr bráðabirgðaskýrslum skólanna. Skólunum var síðan skipt í þrjá hópa þar sem eftirfarandi atriði voru til umræðu. a) Undirbúningur námsstefnunnar þar sem skólarnir kynna verkefnin sín. b) Hvernig sjá kennararnir fyrir sér starfsdag með áherslu á kynjafræði og jafnréttismál, hvert ætti að vera innihald hans og form? c) Hvernig geta þátttökuskólarnir komið að sí- og endurmenntun kennara? (Fylgiskjal 2). Fundinum lauk með fræðilegu innleggi frá Hönnu Björgu Vilhjálmsdóttur kennara við Borgarholtsskóla sem ræddi meðal annars um femínisma, kynbundið ofbeldi og misskiptingu í heiminum á grundvelli kyns.

Fimmti og síðasti vinnufundur verkefnisins fólst í námsstefnu sem boðað var til í Salnum í Kópavogi þann 26. maí 2009. Á námsstefnunni voru jafnréttisfræðsluverkefni þátttökuskólanna kynnt. Sérstakur gestur var Louise Windfeldt, höfundur barnabókarinnar „*Þegar Friðrik var Friða / Þegar Rósa var Ragnar.*“ Námsstefnan var öllum opin og voru skólástjórnendur, kennarar, foreldrar, fulltrúar fræðslunefnda, fulltrúar jafnréttisnefnda, starfsmenn skólaskrifstofa, sveitarstjórnarmenn og stjórnámálamenn sérstaklega hvattir til að mæta (fylgiskjal 3). Rúmlega hundrað manns sóttu námsstefnuna þar sem eftirtalin verkefni voru kynnt:

Leikskólar:

- Hörðuvellir í Hafnarfirði. *Karl eða kona skiptir það máli?*
- Smárahvammur í Kópavogi. *Getur strákur verið Rauðhetta?*
- Múlaborg í Reykjavík. *Kynjamunur í skólastarfi.*
- Reykjakot í Mosfellsbæ. *Jafnrétti til upplýsinga.*
- Lundarsel á Akureyri. *Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.*

Grunnskólar:

- Lækjarskóli í Hafnarfirði. *Jafnréttislestin.*
- Lundarskóli á Akureyri. *Jafnrétti kynjanna. Náms- og starfsfræðsla.*
- Vogaskóli í Reykjavík 4. bekkur. *Jafnrétti kynjanna frá landnámi til vorra daga.*
- Vogaskóli í Reykjavík 6. bekkur. *Frá Snorra til vorra.*
- Hörðuvallaskóli í Kópavogi. *Þar sem tvö tré standa saman þar er skógur.*

Stýrihópur

Jafnréttisfulltrúar Hafnarfjarðar, Reykjavíkur, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Akureyrar, auk fulltrúa frá Jafnréttisstofu og félags- og tryggingamálaráðuneytinu, báru hitann og þungann af undirbúningi verkefnisins sem hófst árið 2006. Undirbúningurinn fólst meðal annars í að skrifa verkefnalýsingu, útvega fjármagn, ráða verkefnastjóra, gera samstarfssamning og kanna áhuga fleiri sveitarfélaga á þátttöku í verkefninu.

Stýrihópurinn er skipaður fulltrúum frá þátttökusveitarfélögum fimm ásamt fulltrúum félags- og tryggingamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneytisins og Jafnréttisstofu. Eftirtaldir aðilar sitja í hópnum, Anna Jörgensdóttir frá Hafnarfjarðarbæ, Katrín Björg Ríkarðsdóttir frá Akureyrarbæ, Kristín Ólafsdóttir frá Kópavogsbæ, Halldóra Gunnarsdóttir frá Reykjavíkurborg en Salvör Gissurardóttir leysti hana tímabundið af, Sesselja Snævarr frá menntamálaráðuneytinu, Sigríður Indriðadóttir frá Mosfellsbæ sem kom inn fyrir Unni V. Ingólfssdóttur, Ingi Valur Jóhannsson frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu og Arnfríður Aðalsteinsdóttir verkefnisstjóri á Jafnréttisstofu. Hjálmar Sigmarsson var fulltrúi Jafnréttisstofu á undirbúningstímanum.

Hlutverk stýrihópsins er að veita verkefnastjóra aðhald og stuðning við framkvæmd og útfærslu verkefnisins. Að sjá til þess að markmiðum verkefnisins verði náð og fylgjast með framkvæmd þess og meta árangur. Einnig að hafa samráð við fagaðila og ákveða framhald verkefnisins eftir starfslok verkefnisstjóra. Stýrihópurinn hélt tuttugu og fimm fundi frá því undirbúningur verkefnisins hófst árið 2006 til loka árs 2009, þar af voru þrír sameiginlegir fundir með faghópnum.

Faghópur

Faghópurinn er skipaður fulltrúum frá fagfélögum leikskólakennara, grunnskólakennara og félagi náms- og starfsráðgjafa. Björk Óttarsdóttir er tilnefnd af Félagi leikskólakennara,

Kristín Helgadóttir af Félagi grunnskólakennara, Ragnheiður Bóasdóttir af Félagi náms- og starfsráðgjafa og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor við Háskólann á Akureyri er tilnefndur af stýrihópi verkefnisins og var hann formaður hópsins. Hlutverk faghópsins er að veita þátttökuskólunum, stýrihópi, verkefnisstjóra og öðrum sem að verkefninu koma stuðning og ráðgjöf (fylgiskjal 4).

Haldnir voru fjórtán fundir í faghópnum en auk þess sátu fulltrúar hópsins fundi með fulltrúum þátttökuskólanna og verkefnisstjóra þar sem skólunum var veitt fagleg aðstoð. Faghópurinn fór yfir verkefnalýsingar skólanna og ákvað ásamt verkefnisstjóra dagskrá vinnufundanna. Einnig mótaði faghópurinn ramma að verkefnalýsingum, bráðabirgðaskýrslum og lokaskýrslum skólanna (fylgiskjöl 5 og 6). Faghópurinn skilar sjálfstæðu mati á verkefninu sem birt er í sérstökum kafla hér á eftir.

Kynning á verkefninu

Við undirritun samstarfssamnings um verkefnið 22. maí 2008, við opnun heimasíðunnar 17. september 2008 og í tilefni af námsstefnunni 26. maí 2009 var verkefnið kynnt í fjölmiðlum, með fréttatilkynningum, greinaskrifum og viðtölum. Auk þess var kynning á verkefninu send til allra leik- og grunnskóla landsins. Kynningarbréf var sent á skólaskrifstofur þátttökusveitarfélaganna og kynningardreifildi útbúið og dreift víða. Einnig má nefna kynningar meðal annars fyrir eða á:

- Samráðsfundi jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna / apríl 2008.
- Formenn félags leikskólakennara, félags grunnskólakennara og félags- náms- og starfsráðgjafa / maí 2008.
- Fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga / júní 2008.
- Menntamálaráðuneytið / júlí 2008 og janúar 2009.
- Skólamálaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga / ágúst 2008.
- Landsfundi jafnréttisnefnda í Mosfellsbæ / september 2008.
- Málþingi um skólamál á Akureyri / september 2008.
- Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar / október 2008.
- Starfshóp um jafnréttisskóla í Reykjavík / október 2008.
- Málþingi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands / október 2008 og október 2009.
- Jafnréttisnefnd Skagfirðinga / janúar 2009.
- Jafnréttiþingi / janúar 2009.
- Öskudagsráðstefnu menntasviðs Reykjavíkurborgar / febrúar 2009.

- Fræðslunefnd, jafnréttisnefnd og skólastjórnendum í Fjarðabyggð / febrúar 2009.
- Jafnréttisráð / mars 2009.
- Háskólanum á Akureyri, jafnréttistorg / mars 2009.
- Aðalfundi Grunns, félags skólastjórnenda / maí 2009.
- Ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði Háskólans á Akureyri / maí 2009.
- Námsstefnu í Færeyjum / júní 2009.
- Norrænni ráðstefnu um jafnréttisfræðslu í skólum, Reykjavík / september 2009.
- Skólavarðan 5. tbl. 9. árg. ágúst / september 2009.
- Sveitarstjórnarmál 7. tbl. 69. árgangur 2009.

Styrkir

Eftirtaldir aðilar styrktu og fjármögnuðu verkefnið. Þátttökusveitarfélögin fimm Reykjavíkurborg, Akureyrarbær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær og Mosfellsbær, auk Jafnréttisstofu, félags- og tryggingamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneytisins og Jafnréttisráðs. Glitnir, Landsvirkjun, Samtök atvinnulífsins, Sparisjóður Norðlendinga og Alcoa Fjarðaál lögðu verkefninu lið ásamt fagfélögum leikskólakennara, grunnskólakennara og náms- og starfsráðgjafa. Einnig styrkti Barnavinafélagið Sumargjöf verkefnið myndarlega. Styrkir fengust úr Þróunarsjóði leikskóla og Þróunarsjóði grunnskóla.

Verkefnið fékk styrk úr *Þróunarsjóði námsgagna* til að láta þýða og gefa út dönsku bókina „*Den dag da Rikke var Rasmus / Den dag da Frederik var Frida*“ eftir Louise Windfeldt og Katrine Clante. Bókin var þýdd af Þórlaugu Baldvinsdóttur kennara í Lundarseli sem einnig vann kennsluleiðbeiningar með bókinni ásamt kennurum og starfsfólki skólans.

Barnabókin Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Rósa var Ragnar

Lítið er til af góðu og aðgengilegu jafnréttisfræðsluefni fyrir börn á leikskólaaldri og börn á yngsta stigi grunnskóla. Barnabókinni *Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Rósa var Ragnar* er ætlað að skapa umræður með ungum börnum um kynhlutverk og jafnrétti og á því að geta nýst vel í jafnréttisstarfi með yngstu börnunum.

Að útgáfu bókarinnar stóðu Jafnréttisstofa og félags- og tryggingamálaráðuneytið. Öllum leik- og grunnskólum landsins ásamt bókasöfnum var gefið eintak af bókinni. Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra afhenti fyrsta eintakið í leikskólanum Múlaborg í Reykjavík í lok maí 2009 í tilefni af degi barnsins.

Endurmenntun fyrir starfandi kennara

Jafnréttisstofa sótti um styrk í endurmenntunarsjóð grunnskólakennara til að halda kynjafræðinámskeið fyrir starfandi kennara skólaárið 2009-2010 og fengust 168.000 krónur úr sjóðnum. Þrátt fyrir að ekki fengist meira fjármagn í verkefnið ákvað Jafnréttisstofa að fara af stað með jafnréttisfræðslufundi og námskeið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla. Tveir fræðslufundir voru haldnir fyrir grunnskólakennara á Akureyri í samstarfi við Skóladeild Akureyrarbæjar. Fundina sátu á þriðja hundrað manns. Starfsdagur helgaður jafnréttisfræðslu í skólum var skipulagður og haldinn fyrir grunnskólakennara í Fjarðabyggð í samstarfi við Þórodd Helgason fræðslufulltrúa þar. Á annað hundrað kennarar sóttu starfsdaginn. Fjögurra tíma námskeið var haldið fyrir leikskólakennara og starfsfólk leikskólanna í Fjarðabyggð og sóttu rúmlega sjötíu manns það námskeið. Seinnihluti námskeiðsins verður haldinn í byrjun febrúar 2010. Einnig hefur verkefnisstjóri heimsótt einstaka skóla með fræðslu og kynningar (fylgiskjöl 7, 8 og 9).

Mat á verkefninu

Mat á verkefninu fór fram með margvíslegum hætti. Þátttökuskólarnir skiluðu lokaskýrslum þar sem mat var lagt á framkvæmd og framgang starfsins í skólunum og dregið fram hvað hefði áunnist og hvað mátti betur fara. Ytra mat verkefnisins var í höndum Rannsóknar- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri. Einnig mátu bæði faghópurinn og stýrihópurinn verkefnið hvor fyrir sig. Að lokum var lagt mat á heimasíðu verkefnisins eftir fjölda heimsókna.

Lokaskýrslur skólanna

Við lok verkefnisins skiluðu þátttökuskólarnir skýrslu um framkvæmd og framgang verkefnisins. Þar var lagt mat á hvað gekk vel og hvað illa og hvaða lærdóma má draga af verkefninu og hverju er hægt að miðla til annarra skóla. Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir megin atriðunum í lokaskýrslum þátttökuskólanna. Nokkur atriði í þeim eru trúnaðarmál og því fylgja þær ekki með en þær eru varðveittar á Jafnréttisstofu.

GRUNNSKÓLAR

Í grunnskólunum voru jafnréttisverkefnið unnin af námsráðgjöfum, kennurum og nemendum í einum til tveimur árgöngum innan skólanna. Í Vogaskóla var markhópurinn 4. og 6. bekkur, í Hörðuvallaskóla 4. og 8. bekkur, Lundarskóli vann sitt verkefni með 8. bekk, í Varmárskóla var unnið með unglingsstigið og Lækjarskóli vann með 9. bekk. Í öllum grunnskólunum fólu skólastjórnendur einstökum kennurum eða námsráðgjöfum verkefnið sem þýddi að það einskorðaðist við ákveðna nemendahópa. Lítil umræða eða smitun átti sér þar af leiðandi stað út í skólasamfélagið.

Í skýrslu Hörðuvallaskóla segir að verkefnið hafi lítið verið kynnt innan skólans og því erfitt að meta hvort jafnréttisvitund kennara hafi aukist. Sama má segja um Vogaskóla en þar er bent á að árangurinn eftir þetta skólaár verði fyrst og fremst metinn út frá aukinni vitund nemenda í fjórða og sjötta bekk og kennara þeirra. Það bíði því næsta skólaárs að miðla jafnréttisfræðslunni til annarra kennara og starfsfólks skólans. Segja má að þessar niðurstöður séu sammerkta fyrir alla grunnskólana, það er að einstakir kennarar eða námsráðgjafar báru hitann og þungann af jafnréttisstarfinu sem unnið var innan skólanna í tengslum við þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum*. Það er hins vegar ljóst að það er á ábyrgð skólayfirvalda og skólastjórnenda að farið sé að lögum og jafnréttisfræðsla sé innleidd inn í allt skólastarf. Þessa ábyrgð þurfa skólayfirvöld og skólastjórnendur að axla.

Vogaskóli

Kennarar í fjórða bekk: „Eftir að hafa unnið jafnréttisverkefnið hafa börnin meiri skilning á hugtakinu jafnrétti kynjanna og hugtakinu jafnrétti almennt. Þau tengja hugtakið vinnu í öllum námsgreinum og gera athugasemdir á borð við: „Þetta er ekki jafnrétti,“ ef þau verða vör við slíkt í lestextum eða námsefni, án þess að verið sé að fjalla sérstaklega um jafnrétti.“

Kennarar í sjötta bekk segja um árangur verkefnisins: „Við teljum að nemendur okkar séu viljugri til að tala um jafnrétti og ójafnrétti og þeir sjá hlutina í nýju ljósi. Þeir eru meira vakandi fyrir stöðu kynjanna, bæði í samfélaginu öllu og innan skólans, auk þess sem þeir eru duglegri að nýta sér þá sérstöðu sem fylgir hvoru kyni. Einna ánægðastar erum við með að nemendur virða það að strákar og stelpur hafa sömu tækifæri í lífinu og þrátt fyrir nokkurn mun á kynjunum þá er enginn góður í öllu en allir góðir í einhverju, sama hvors kyns hann er! Þetta verkefni var eingöngu unnið í 4. og 6. bekk í Vogaskóla og var ekki lagt upp með að ná öðrum árgöngum eða starfsfólki í verkefnið. Þar af leiðandi hefur verkefnið, því miður, ekki stuðlað að gleggri vitund um jafnréttisstarf og jafnréttiskennslu í skólanum.“

Lækjarskóli

„Það er mat okkar að verkefnið hafi skilað ákveðnum árangri hvað nemendahópurinn varðar en hins vegar sjáum við að kennarahópurinn er enn að mestu leyti óplægður akur. Það er okkar staðfesta skoðun að fræðsla um jafnréttis og kynjafræði til handa kennurum í öllum bekkjardeildum sé forsenda þess að jafnréttisfræðsla geti farið fram með markvissum hætti.“

Umsjónarkennari 9. bekkjar segir meðal annars: „Meðvitund unglínganna gagnvart jafnrétti hefur aukist og sýn þeirra á marga hluti breyst. Enginn þátttakandi segir í dag: "Þetta á bara að vera svona" heldur er upplýstur og er tilbúinn til að upplýsa aðra.“

Hörðuvallaskóli

Kennari í 4. bekk: „Jafnréttisvitund sumra hefur eflaust tekið framförum en enn heyri ég að þetta eða þetta sé kvenmannsverk og þar fram eftir götum. Í byrjun voru nokkrir sem héldu að jafnrétti væri eitthvað í líkingu við að skipta jafnt en hafa áttað sig á því að það er meira sem felst í þessu hugtaki. Jafnréttisumræðan hefur verið frekar fljótandi og fléttuð inni umræður því finnst mér erfitt að meta hvort jafnréttisvitund þeirra hafi skýrst að ráði. Það hefði mátt taka jafnréttisumræðuna skýrar fyrir.“

Námsráðgjafinn telur að jafnréttisvitund nemendanna sem tóku þátt í verkefninu hafi aukist og segir um 8. bekk: „Þó þeir séu meðvitaðri um hugtakið (jafnrétti) sem slíkt er enn langt í land með að breyta hinni hefðbundnu staðalímynd sem nemendur hafa af kynjunum. Við eigum því langt í land með að innræta börnum og unglíngum nútímans meðvitaða og

ósjálfráða virðingu og skilning gagnvart hinu kyninu. Verkefnið var lítið kynnt meðal starfsmanna svo ekki var unnt að meta aukna vitund þeirra varðandi jafnrétti og jafnréttiskennslu.“

Lundarskóli

„Ávinningur verkefnisins er illmælanlegur en það er okkar huglæga mat að verkefnið sé upphaf að meiri jafnréttisumræðu innan skólans og að kennarar fari að skoða námsefni með jafnréttisfræðslu í huga og noti tækifæri til umfjöllunar þegar það gefst. Þetta verkefni getur orðið fyrirmynd að því hvernig hægt er að nálgast þetta viðfangsefni og getur gefið öðrum kennurum hugmyndir.“

Varmárskóli

„Ekki hefur verið gert formlegt mat á verkefninu og því erfitt að segja til um tilætlaðan árangur. Varmárskóli hefur verið meðvitaður lengi vel um jafnréttisfræðslu en aldrei sett þetta inn í skipulagða kennslu. Af því leyti höldum við að hægt sé að gera betur og að starfsmenn verði meðvitaðir um jafnréttisfræðslu á öllum stigum skólans.“

LEIKSKÓLAR

Í leikskólunum héldu stjórnendur í flestum tilfellum utan um verkefnið og þar var áhersla lögð á starfsmannahópinn, foreldrasamstarf og skólastarfið í heild sinni. Í Múlaborg og á Hörðuvöllum var unnið með viðhorf starfsmanna, í Reykjakoti var áherslan á foreldrasamstarfið, Lundarsel notaði barnabókina „*Þegar Friðrik var Friða / Þegar Rósa var Ragnar*“ í heimspekisamræður með börnunum um jafnrétti kynjanna og í Smárahvammi var val barnanna skoðað með tilliti til kyns.

Hörðuvellir

„Það sem við erum ánægðust með í þessu verkefni til þessa er hversu mikil og góð áhrif verkefnið hefur haft á umræðu starfsfólks um jafnréttismál.“ ... „Á starfsmannafundum höfum við tekið einstök efni til skoðunar s.s. hversu mikilvægt hlutverk okkar sem fyrirmyndir er og hvernig okkar viðhorf og skoðanir smitast til barnanna.“ ... „Eins hefur umræðan opnað augu okkar fyrir ýmsu s.s. hvernig við komum fram við börnin á ólíkan hátt eftir því hvort um stráka eða stelpu er að ræða.“

Reykjakot

„Kennarar eru meðvitaðri um jafnrétti foreldra til upplýsinga.“ ... „Megin niðurstaða verkefnisins er að feður vilja vita meira en telja sig ekki fá nægar upplýsingar frá leikskólanum.“ ... „Mæður eru almennt of duglegar að taka ábyrgðina á sig varðandi börnin

og gleyma að gæta jafnræðis í uppeldi barnanna. Feður þurfa að stíga fram og gera sér grein fyrir mikilvægi þeirra í lífi barnanna.“

Smárahvammur

„Það sem stendur upp úr eftir veturinn er aukin þekking kennara og áhugi á kynjafræði og jafnréttismálum. Allir kennarar leikskólans hafa unnið markvisst að því að skoða eigin viðhorf og viðbrögð og hefur sú vinna skilað töluverðum árangri. Í dag skilja kennarar hvernig þeir hafa, ómeðvitað, ýtt undir kynjun leikefnis og aðgreiningu barnahópsins í stúlkna- og drengjahópa. Þessi vitneskja hefur breytt viðbrögðum/svörum kennara við börnunum.“

Lundarsel

„Verkefnið opnaði augu okkar um jafnréttismál og að gæta þarf að þeim málum við uppeldi og kennslu. ... Kynbundið val á leikföngum, leikfélögum og litum er örugglega samfélagslegt vandamál sem leysist ekki nema að það sé rétt, skoðað og tekið á því. Börnin hegða sér oft út frá þeim væntingum sem gerðar eru til þeirra og því brýnt að kennarinn geri eins væntingar til kynjanna...“

Múlaborg

Ekki barst lokaskýrsla frá Múlaborg þar sem skólinn taldi sig ekki fá það fjármagn sem þurfti til að halda verkefninu gangandi. "Því var haldið fram þegar Múlaborg var boðin þátttaka í verkefninu að bóúið væri að tryggja fjármagn í verkefnið. Þegar vinna við verkefnið var komin vel á skrið var leitað eftir þessu fjármagni af hálfu leikskólans en þá kom í ljós að því hafði öllu verið ráðstafað til miðstjórnar verkefnisins en engu fé var úthlutað til að mæta kostnaði sem af verkefninu hlýst innan leikskólans. Jafnframt vorum við upplýst um að sveitarfélag okkar sá af fjármagni til grunnskólans í sveitarfélaginu sem tekur tók þátt í verkefninu. Þegar vinna okkar við verkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum var í hámarki komu fyrirmæli til okkar um að yfirvinna væri óheimil vegna efnahagsþrenginga. Vinna við verkefnið lagðist því af hjá Múlaborg í kjölfar kynningar okkar á verkefninu fyrir Leikskólaráð Reykjavíkurborgar en á þeim fundi upplýsti jafnréttisstjóri Reykjavíkurborgar okkur m.a. um hve miklu fé hafði verið varið í miðstjórn verkefnisins."

Árangursmat Rannsóknar og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri

Rannsóknar- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) sá um sjálfstætt ytra árangursmat á verkefninu. Framkvæmd á mati var sem hér segir: Í grunnskólunum voru tvær fyrirlagnir spurningalista, ein í upphafi verkefnisins og önnur við lok verkefnisins. Auk þess sem tekið var símaviðtal við tengiliði grunnskólanna sem miðaði að því að gefa mynd af framkvæmd verkefnisins; hvernig staðið var að skipulagi þess og hvernig stuðningi við kennara var háttað á verkefnistímanum. Í leikskólum var gerð ein símakönnun meðal leikskólakennara í lok verkefnisins. Til að meta árangur jafnréttisfræðsluverkefnanna var gerður samanburður á viðhorfi þátttakenda fyrir og eftir að verkefni voru unnin. Með þeim hætti má meta hvort jafnréttisfræðsla hefur áhrif.

Árangursmatið var í höndum sérfræðinga við RHA. Kjartan Ólafsson lektor við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri var ráðgjafi við matið og Tryggvi Hallgrímsson bar ábyrgð á framkvæmd spurningakannana og gagnasöfnun. Úrvinnsla og lokaskýrsla var unnin af Hjördísi Sigursteinsdóttur og Sigrúnu Sif Jóelsdóttur.

Skýrslu RHA fylgja sjö viðaukar. Í viðauka eitt eru töflur sem sýna fjölda og hlutfall svara eftir skólum og fyrirlögn, ásamt breytingum milli fyrirlagna. Í viðauka tvö eru spurningalistarnir sem lagðir voru fyrir þátttakendur í leik- og grunnskólum. Í viðauka þrjú er að finna myndræna framsetningu á svörum við spurningalistunum frá þátttökuskólum á Akureyri. Auk viðtals við tengilið grunnskólans og svör við opnum spurningum meðal starfsmanna leikskólans. Í viðauka 4-7 er að finna samskonar framsetningu á niðurstöðum fyrir Kópavog, Hafnarfjörð, Mosfellsbæ og Reykjavík. Í viðaukum 3-7 er mat tengiliða grunnskólanna á jafnréttisfræðsluverkefnunum sem unnin voru í skólunum ásamt svörum leikskólakennara við opnum spurningum úr spurningalistanum eins og þau komu fyrir. Því er skýrslan ekki ætluð til frekari dreifingar nema með upplýstu samþykki höfunda.

GRUNNSKÓLAR - Viðhorfskönnun meðal grunnskólanemenda

Í upphaflegu úrtaki vegna spurningakönnunar meðal grunnskólanema var stuðst við upplýsingar um fjölda nemenda úr nemendaskrá skólanna. Heildarfjöldi nemenda var 296 og skiptist þannig að 239 nemendur voru í eldri bekkjardeildum og 57 nemendur voru í yngri bekkjardeildum.

Þegar á heildina er litið hefur jafnréttishugsun grunnskólanema sem tóku þátt í könnuninni aukist milli fyrirlagna spurningalistans. Jafnframt kemur í ljós að stelpur sem svöruðu

spurningalistanum hafa sterkari jafnréttishugsun en strákar og að jafnréttishugsun þátttakenda er breytileg eftir grunnskólum.

Samantekt á niðurstöðum árangursmats í grunnskólum

Til þess að meta árangur jafnréttisfræðsluverkefnisins í grunnskólum var jafnréttishugsun þátttakenda skoðuð út frá viðhorfum til verkaskiptingar hjóna á heimili, afstöðu til þess hvort kona eða karl vinni ákveðin störf betur eða hvort þau vinni störfin jafn vel og hvort kona eða karl er hæfari til að annast uppeldi barna eða hvort þau séu jafn hæf. Jafnframt var viðhorf þátttakenda til jafnréttismála í samfélaginu almennt skoðað út frá afstöðu til ýmissa fullyrðinga þar að lútandi ásamt fullyrðingum um jafna möguleika kynja eða hvort það halli á annað þeirra. Í töflunni hér að neðan gefur að líta samantekt á breytingum á jafnréttishugsun og viðhorfi þátttakenda til ýmissa jafnréttismála í samfélaginu almennt milli fyrri og seinni fyrirlagna spurningalistans.

Samantekt á jafnréttishugsun og viðhorfi þátttakenda til ýmissa jafnréttismála í samfélaginu almennt milli fyrri og seinni fyrirlagna spurningalistans. Rautt: Hefur færst í átt frá jafnri stöðu. Grænt: Hefur færst í átt nær jafnri stöðu.

	Verkaskipting	Störf	Uppeldi barna	Jafnréttismál í samfélaginu almennt	Möguleikar á jafni stöðu	Til samans
Akureyri	→	→	→	→	←	→
Hafnarfjörður	←	→	→	→	→	→
Kópavogur	→	→	→	→	→	→
Mosfellsbær	←	→	→	→	←	→
Reykjavík	→	→	→	→	→	→
Samtals:	→	→	→	→	→	→

Sjá má heilt yfir að breytingin er jákvæð hvað alla þætti matsins varðar. Þetta þýðir að viðhorf þátttakenda til jafnréttis færast nær hlutleysi milli fyrirlagna spurningalistans, bæði hvað varðar jafnréttishugsun grunnskólanema og viðhorf til jafnréttismála í samfélaginu almennt. Jafnréttishugsun grunnskólanemanna hefur aukist milli fyrirlagna spurningalistans. Jafnframt kemur fram í matinu að stelpur sem svöruðu spurningalistanum hafa sterkari jafnréttishugsun en strákar og að jafnréttishugsun þátttakenda er breytileg eftir grunnskólum. Viðhorf grunnskólanemanna til jafnréttismála í samfélaginu almennt hefur einnig aukist milli fyrirlagna spurningalistans. Staðalímyndir stelpna virðast vera rótgrónari meðal grunnskólanemanna heldur en staðalímyndir stráka.

Lundarskóli á Akureyri

Jafnréttisfræðsluverkefnið virðist hafa gengið mjög vel í Lundarskóla á Akureyri. Viðhorf nemendanna verður jafnréttismiðaðra á tímabilinu.

Jafnréttishugsun eykst í heild að meðaltali þar sem viðhorf til verkaskiptingar, starfa og uppeldis barna hefur færst í átt til jafnréttis. Viðhorf til jafnréttismála í samfélaginu almennt færast nær hlutleysi og trú á möguleikum kynja á jafnri stöðu í samfélaginu veikist.

Bæði stelpur og strákar bæta viðhorf sitt í átt til jafnréttis en stelpur þó meira en strákar. Þetta kemur fram í jafnréttishugsun í heild, fyrir viðhorf til verkaskiptingar hjóna á heimili og fyrir viðhorf til jafnhæfis karla og kvenna til starfa. Þetta bendir til ólíkra áhrifa og/eða ólíkrar þátttöku stráka og stelpna við verkefnið.

Þegar horft er á viðhorf til starfa er breytingin á viðhorfum í átt til þess að kynin séu jafn hæf til að sinna þessum störfum. Þessu er öfugt farið með viðhorf til verkaskiptingar hjóna á heimili ef bæði vinna utan heimilis þar sem fleiri telja að heimilisverkin eigi frekar að vera í höndum eiginkonunnar. Þetta þýðir að vinna þurfi meira með hlutverk og verkaskiptingu hjóna á heimili til að viðhorfsbreyting til jafnræðis eigi sér stað með sama hætti og fyrir störf.

Lækjarskóli Hafnarfirði

Jafnréttisfræðsluverkefnið virðist hafa gengið nokkuð vel í Lækjarskóla í Hafnarfirði. Viðhorf nemendanna verður aðeins jafnréttismiðaðra á tímabilinu.

Jafnréttishugsun minnkar í heild að meðaltali, aðallega vegna viðhorfs til verkaskiptingar hjóna á heimili. Viðhorf til jafnréttismála í samfélaginu almennt færast nær hlutleysi og trú á möguleikum kynja á jafnri stöðu í samfélaginu styrkist.

Viðhorf stelpna og stráka til jafnréttis breytist með ólíkum hætti á tímabilinu. Hvað jafnréttishugsun varðar þá eykst hún hjá stelpum en minnkar töluvert hjá strákum. Mestu munar þar um að viðhorf til verkaskiptingar hjóna á heimili veikist bæði hjá stelpum og strákum en afstaða til jafnhæfis kynja til starfa styrkist hjá stelpum en veikist hjá strákum. Þetta bendir til ólíkra áhrifa og/eða ólíkrar þátttöku stráka og stelpna við verkefnið.

Þegar horft er á viðhorf til starfa er breytingin á viðhorfum í átt til þess að kynin séu jafn hæf til að sinna þessum störfum. Þessu er öfugt farið með viðhorf til verkaskiptinga hjóna á heimili ef bæði vinna utan heimilis þar sem fleiri telja að heimilisverkin eigi frekar að vera í höndum eiginkonunnar. Þetta þýðir að vinna þurfi meira með hlutverk og verkaskiptingu

hjóna á heimili sem og störf. Auk þess þarf að auka jafnréttisvitund stráka enda komu þeir ekki nægilega vel út í þessu mati.

Hörðuvallaskóli Kópavogi

Jafnréttisfræðsluverkefnið virðist hafa gengið nokkuð vel í Hörðuvallaskóla í Kópavogi. Viðhorf nemendanna verður aðeins jafnréttismiðaðra á tímabilinu.

Jafnréttishugsun minnkar í heild að meðaltali, aðallega vegna viðhorfs til verkaskiptingar hjóna á heimili. Viðhorf til jafnréttismála í samfélaginu almennt færast nær hlutleysi og trú á möguleikum kynja á jafnri stöðu í samfélaginu styrkist.

Viðhorf stelpna og stráka til jafnréttis breytist með ólíkum hætti á tímabilinu. Hvað jafnréttishugsun varðar þá eykst hún hjá stelpum en minnkar hjá strákum. Mestu munar þar um að viðhorf til verkaskiptingar hjóna á heimili styrkist hjá stelpum en veikist hjá strákum en afstaða til jafnhæfis kynja til starfa styrkist hjá bæði stelpum og strákum. Þetta bendir til ólíkra áhrifa og/eða ólíkrar þátttöku stráka og stelpna við verkefnið.

Þegar horft er á viðhorf til starfa er breytingin á viðhorfum í átt til þess að kynin séu jafn hæf til að sinna þessum störfum. Fleiri strákar en stelpur telja að heimilisverkin eigi að vera í höndum eiginkonunnar þó bæði vinni jafnt utan heimilis. Þetta þýðir að vinna þurfi meira með hlutverk og verkaskiptingu hjóna á heimili. Auk þess þarf að auka jafnréttisvitund stráka enda komu þeir ekki nægilega vel út í þessu mati.

Varmárskóli Mosfellsbæ

Viðhorf nemenda í Varmárskóla í Mosfellsbæ verður aðeins jafnréttismiðaðra á tímabilinu.

Jafnréttishugsun minnkar í heild að meðaltali, aðallega vegna viðhorfs til verkaskiptingar hjóna á heimili. Viðhorf til jafnréttismála í samfélaginu almennt færast nær hlutleysi og trú á möguleikum kynja á jafnri stöðu í samfélaginu veikist.

Viðhorf stelpna og stráka til jafnréttis breytist með ólíkum hætti á tímabilinu. Hvað jafnréttishugsun varðar þá minnkar hún bæði hjá stelpum og strákum. Mestu munar þar um að viðhorf til verkaskiptingar hjóna á heimili veikist hjá stelpum en stendur í stað hjá strákum. Afstaða til jafnhæfis kynja til starfa veikist hjá stelpum en styrkist hjá strákum.

Niðurstaðan er sú að viðhorf stráka til jafnréttis breytist meira milli fyrirlagna spurningalistans en stelpna. Auk þess þarf að auka jafnréttisvitund bæði stráka og stelpna í skólanum.

Vogaskóli í Reykjavík

Jafnréttisfræðsluverkefnið virðist hafa gengið mjög vel í Vogaskóla í Reykjavík. Viðhorf nemendanna verður aðeins jafnréttismiðaðra á tímabilinu.

Jafnréttishugsun minnkar örlítið í heild að meðaltali og munar þar mestu um viðhorf til verkaskiptingar hjóna á heimili. Viðhorf til jafnréttismála í samfélaginu almennt færast nær hlutleysi og trú á möguleikum kynja á jafnri stöðu í samfélaginu styrkist.

Strákar bæta viðhorf sitt hvað varðar jafnréttishugsun en ekki stelpur. Þetta má aðallega rekja til þess að viðhorf stelpna til verkaskiptingar hjóna á heimili stendur í stað. Hins vegar breytist viðhorf stráka þannig að mun fleiri strákar telja, eftir jafnréttisfræðsluverkefnið, að hjón eigi að skipta jafnt með sér heimilisverkum ef bæði vinna jafnt utan heimilis. Afstaða bæði stelpna og stráka til jafnhæfis kvenna og karla til starfa eykst sem og viðhorf þeirra til jafnréttismála í samfélaginu almennt.

Þetta þýðir að vinna þurfi meira með hlutverk og verkaskiptingu hjóna á heimili, sérstaklega hjá stelpum.

Mat tengiliða á jafnréttisverkefni í grunnskólum

Mat tengiliða á verkefnum grunnskólanna fólst í spurningum sem tengdust framkvæmd og fyrirkomulagi verkefnisins í grunnskólunum. Helstu niðurstöður úr mati tengiliða má sjá hér fyrir aftan. Í einum skólanna var ekki tekið viðtal við tengilið og því tekur samantektin til fjögurra þátttökuskóla í verkefninu.

Spurt var að því hvernig verkefni komu inná borð þeirra aðila sem töldust tengiliðir grunnskólanna. Staðið var að kynningu jafnréttisverkefnis með ólíkum hætti. Til að mynda voru ekki allir viðstaddir kynningu verkefnisstjóra eða stýrihóps. Skólarnir fengu ekki bein fyrirmæli um hvernig standa ætti að jafnréttisverkefnum heldur var það þeim í sjálfsvald sett hvernig unnið var með jafnréttismál. Flestir tengiliðir voru beðnir, af skólastjórnendum, um að taka verkefnið að sér. Algegnnt var að tengiliðir kvörtuðu yfir því að fá ekki nægan stuðning frá stjórnendum vegna verkefnisins en einnig að verkefnislýsingu hafi skort í upphafi.

Það sem helst kom fram þegar rætt var við tengiliði skólanna var að knappur tími var til undirbúnings og að stjórnendur skólans hefðu mátt bera meiri ábyrgð þegar kom að skipulagi og gefa starfsfólki meiri tíma til að vinna við verkefnið. Aðrir nefndu að samstarf við kennara hefði verið ábótavant og fræðsla eða kynning til kennarahópsins hefði mátt vera meiri. Í einum skólanum gekk undirbúningur vel og ekkert sérstakt nefnt sem betur hefði mátt fara.

Þar sem ekki voru gefin bein fyrirmæli um hvernig skyldi staðið að jafnréttisverkefnum var það starf sem fram fór í skólunum með ólíkum hætti. Einn skóli tengdi jafnréttisfræðslu

við náms- og starfsfræðslu eins og hún birtist í námsskrá, stýrihópur nemenda stóð að skipulagi verkefnis í einum skóla ásamt starfsmanni. Jafnréttisfræðslu fyrir grunnskóla var slegið saman inn í náms- og starfsráðgjafaáætlun eins skólans en annar skóli tvinnaði saman verkefni um jafnrétti við samfélagsfræði og íslensku með því að tengja jafnrétti kynjanna við sögu frá landnámi til nútímans.

Þegar spurt var um aðstoð við verkefnið kom aðallega tvennt fram. Annarsvegar dyggur stuðningur frá verkefnisstjóra Jafnréttisstofu og hinsvegar að skólar unnu verkefnið sjálfstætt.

Það sem tengiliðir áttu sameiginlegt var óvissa um tengsl stýrihóps eða faghóps verkefnisins og þeirra verkefna sem unnin voru í skólunum. Sumir álitu að þeir ættu að fá meiri stuðning frá aðilum stýrihóps en raunin varð en fengu þess í stað stuðning frá verkefnastjóra Jafnréttisstofu.

Starf meðal nemenda tókst vel í flesta staði og nemendur voru oftast áhugasamir um verkefni og þátttöku í starfi tengdu verkefninu. Þegar spurt var um jafnréttisstarf í skólunum í framtíðinni voru tengiliðir flestir sammála um mikilvægi þess að starfið héldi áfram. Einn tengiliður hafði þann fyrirvara á að betur þyrfti að standa að verkefninu ef það ætti að lifa áfram. Algengt var að sérstök eftirfylgni við verkefnið hafi ekki verið sinnt í skólunum. Kynning fyrir öðrum kennurum og foreldrum var þannig mjög misjafnlega háttáð innan skólanna. Flestir tengiliðir sýna því mikinn áhuga að vinna áframhaldandi starf með jafnrétti í skólastarfi

LEIKSKÓLAR - Viðhorfskönnun meðal starfsmanna

Þátttakendur meðal starfsmanna í leikskólunum voru alls 84 talsins frá fimm leikskólum þátttökusveitarfélaga. Nokkur munur var á fjölda starfsmanna milli leikskóla. Fyrirvari var gerður á úrtaki þannig að leikskólastjórar voru beðnir um að skila inn lista með nöfnum þeirra starfsmanna sem voru tilbúnir að taka þátt í símakönnun vegna árangursmats á því starfi sem fram fór í tengslum við skólaþróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* í þeirra leikskóla. Nokkuð var um það að starfsmenn báðust undan því að taka þátt í könnuninni.

Þegar á heildina er litið er jafnréttishugsun starfsfólks leikskóla breytileg eftir sveitarfélögum. Hún er mun sterkari meðal starfsfólks í Reykjavík, Kópavogi og Akureyri heldur en starfsfólks í Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Fram koma rótgróin viðhorf til verkaskiptingar kvenna og karla á heimili og staðalmynd starfa.

Svör starfsmanna við opnum spurningum og viðhorf til jafnréttisverkefnis

Allir starfsmenn í leikskólum voru beðnir um að svara því til hvort þeir teldu að fjölga þyrfti körlum í stétt leikskólakennara og var meirihluti starfsfólks sammála því. Helst voru það launamál sem starfsfólk taldi standa í vegi fyrir fjölgun karlleikskólakennara sem og ímynd starfsins í samfélaginu. Bent var á nauðsyn þess að kynna betur starfið fyrir körlum/strákum.

Sjá mátti á svörum allflestra að verkefnið hafði nokkur áhrif á viðhorf þeirra til jafnréttismála. Sumir nefndu það sérstaklega að þeir hugsuðu meira um það hvernig börnin leika sér og hvernig leikföng börnin velja sér. Verkefnið vakti umhugsun hjá sumu starfsfólki að setja börnum ekki skorður vegna kynferðis.

Í upphafi jafnréttisfræðsluverkefnisins komu fram efasemdir hjá starfsfólki varðandi verkefnið aðallega vegna þess hve óljóst það var. Þetta viðhorf breyttist við vinnslu verkefnisins.

Hvað varðar viðhorf starfsmanna til jafnréttismála almennt var það talið jákvæðara en áður en jafnréttisverkefnið kom inn á þeirra borð og fólk einnig reiðubúið að vinna frekar með jafnréttismál í leikskólastarfinu. Sérstaklega var nefnt í þessu samhengi aukin meðvitund um staðalmyndir kynjanna og að auknar umræður um jafnréttismál væru af hinu góða.

Samantekt á niðurstöðum árangursmats í leikskólum

Til þess að meta árangur jafnréttisverkefnis í leikskólum var jafnréttishugsun starfsmanna leikskóla skoðuð út frá viðhorfum til verkaskiptingar hjóna á heimili, afstöðu til þess hvort kona eða karl vinni ákveðin störf betur eða hvort þau vinni störfin jafn vel, hvort kona eða karl er hæfari til að annast uppeldi barna eða hvort þau séu jafn hæf og hvort samskipti við foreldra leikskólabarna sé frekar við móður, föður eða bæði jafn mikið. Jafnframt var viðhorf starfsfólks leikskóla til jafnréttismála í samfélaginu almennt skoðað út frá afstöðu til ýmissa fullyrðinga þar að lútandi ásamt fullyrðingum um hvort það halli á annað kynið eða hvort þau standi jöfn.

Í töflunni hér að neðan gefur að líta samantekt á niðurstöðum varðandi þá þætti sem lagðir voru til grundvallar mati á viðhorfum starfsfólks leikskóla til jafnréttis.

Samantekt á niðurstöðum varðandi þá þætti sem lagðir voru til grundvallar mati á viðhorfum starfsfólks leikskóla til jafnréttis. Grænt: Jöfn staða. Gult: Það hallar á konur/stelpur. Blátt: Það hallar á karla/stráka

	Verkaskipting	Störf	Uppeldi barna	Samskipti við foreldra	Jafnréttismál í samfélaginu almennt	Möguleikar á jafni stöðu	Til samans
Akureyri	●	●	●	●	●	●	●
Hafnarfjörður	●	●	●	●	●	●	●
Kópavogur	●	●	●	●	●	●	●
Mosfellsbær	●	●	●	●	●	●	●
Reykjavík	●	●	●	●	●	●	●
Samtals:	●	●	●	●	●	●	●

Þegar á heildina er litið er jafnréttishugsun starfsfólks leikskóla breytileg eftir sveitarfélögum. Hún er mun sterkari meðal starfsfólks í Reykjavík, Kópavogi og Akureyri heldur en starfsfólks í Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Fram koma rótgróin viðhorf til verkaskiptingar kvenna og karla á heimili og staðalmynd starfa. Sjá má að starfsfólk leikskóla er almennt jafnréttissinnað og telur að staða kvenna í íslensku samfélagi sé lakari en karla.

Ekki eru teknar sérstaklega saman niðurstöður eftir sveitarfélögum fyrir mat á viðhorfum starfsfólks leikskóla til jafnréttis þar sem hér er aðeins um stöðumat að ræða en ekki eiginlegan samanburð á árangri jafnréttisfræðsluverkefnisins.

SAMANTEKT - Leik- og grunnskóli

Jafnréttisfræðsluverkefnið í heild sinni styrkti viðhorf til jafnréttis í þeim grunnskólum þar sem það var unnið ef frá er talin verkaskipting hjóna á heimili. Þetta kemur líka fram í viðhorfi starfsfólks leikskóla. Athygli vekur hversu rótgróin hlutverkaskipting kynjanna virðist vera og þá einkum meðal fullorðinna þátttakenda. Það á ekki eingöngu við um hlutverkaskiptingu á heimili heldur einnig um staðalmyndir starfa. Það ber þó að hafa í huga að það er líklegra þegar svarmöguleikar eru fáir (þriggja þrepa kvarði) að merkt sé við svarmöguleikann í miðjunni heldur en þegar svarmöguleikar eru fleiri (t.d. fimm þrepa kvarði).

Niðurstöður faghóps

Verkefninu var hrundið af stað af jafnréttisfulltrúum sveitarfélaganna og í framhaldinu var faghópurinn skipaður með það að markmiði að styrkja faglegt starf út frá kennslufræðilegum og skólaþróunarlegum forsendum. Áður en faghópurinn var skipaður hafði stýrihópurinn ákveðið að viðhafa ytra mat á verkefninu. Faghópurinn telur hins vegar að varla sé raunhæft

að meta árangur skólaþróunarstarfs eftir einungis eitt ár. Viðtöl við tengiliði skólanna við upphaf og lok verkefnisins ættu þó að vera haldgott mat á verkefninu sjálfu. Faghópurinn, sem er fyrst og fremst ráðgjafarhópur, hefur því metið verkefnið sjálfstætt.

Mikilvægt er að átta sig á að jafnréttisverkefni skólanna eru afar ólík og þá um leið sú þekking og reynsla sem eftir situr. Sum verkefnin náðu til skólustarfsins alls á meðan önnur voru afmarkaðri. Helstu hindranirnar sem kennararnir upplifðu var skortur á tíma og peningum. Tæplega ætti þó að vera hægt að reikna með að skólar fái sérstaka peninga í jafnréttisstarfið fremur en til stærðfræðiþjálfunar eða íslenskunáms og skólar verða því að gera ráð fyrir jafnréttisfræðslu innan venjulegs fjárhagsramma. Faghópurinn bendir hins vegar á að vegna þess að jafnréttisstarf er víða ábótavant, þá gætu skólarnir þurft viðbótarpeninga til að geta sótt sér faglega ráðgjöf, endurmenntun og annað á þessu sviði, tímabundið.

Verkefnið leiddi í ljós að verulega skortir á kynjafræðiþekkingu kennara en forsenda markvissrar jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum eru vel menntaðir kennarar á þessu sviði. Kynjafræðin þarf að vera skyldunámsgrein í kennaramenntun og koma sterkar inn í endurmenntun kennara. Varðandi endurmenntun kennara má til dæmis styðjast við algeng símenntunarlíkön þar sem gert er ráð fyrir að kennarahópurinn hittist nokkrum sinnum.

Skortur á námsefni er líka nefnt sem hindrun þrátt fyrir að töluvert efni sé til. Gera þarf faglega úttekt á öllu því kynjafræðilega námsefni sem til er, endurútgefa gott efni og semja nýtt þar sem ástæða er til. Þetta gæti verið verkefni Jafnréttisstofu, Námsgagnastofnunar og menntamálaráðuneytisins.

Faghópurinn hefur bent á þann möguleika að þróa sérstaka jafnréttisviðurkenningu, til dæmis í formi jafnréttisfána, sem eina leið til að efla og auka jafnréttisstarf í skólum. Slík viðurkenning ætti að geta tryggt meiri sýnileika og hvatt til jafnréttisstarfs í skólum.

Faghópurinn telur brýnt að menntamálaráðuneytið axli sína ábyrgð og sinni eftirlits- og ráðgjafarhlutverki sínu við jafnréttisfræðsluna. Gera þarf faglega úttekt á jafnréttisfræðslu í skólum en vitað er að víða í skólakerfinu er mikið verk að vinna við mótun jafnréttisstefnu í samræmi við lög og opinber markmið. Faghópurinn leggur áherslu á að auk þess sem ráðuneytið grípi betur inn í, að þá þurfa skólafirvöld sveitarfélaganna að láta til sín taka og styðja skólana við jafnréttisfræðsluna. Enginn vafi leikur á því að ábyrgðin liggur hjá skólafirvöldum og skólastjórnendum en ekki eingöngu einstökum kennurum.

Í skólaþróunarfræðum er gert ráð fyrir nokkrum árum í svona þróunarstarf, hér má því ekki láta staðar numið. Þátttökuskólarnir tíu þurfa áframhaldandi stuðning og ráðgjöf og bjóða þarf fleiri skólum og sveitarfélögum þátttöku í verkefninu. Skólarnir þurfa faglegt stoðkerfi eða ráðgjöf við að innleiða og samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið inn í allt skólustarf. Ein leið

gæti verið að gera samning við skóla um að vera tilraunaskólar þar sem fagaðili kæmi í skólann, fylgdist með kennslu, leiðbeindi og veitti stuðning.

Jafnrétti er margvíslegt og það má skoða frá mörgum hliðum, ein hliðin er kynjajafnrétti. Tilhneiging er til þess að tala um jafnrétti kynjanna sem aðeins eina tegund jafnréttis. Faghópurinn varar við því að jafnrétti kynjanna sé sett undir jafnréttismál almennt, meðal annars vegna þess að um kynjajafnrétti gilda sérstök lög. En enn fremur leggur faghópurinn áherslu á að það verður ekki unnið að neinum jafnréttismálum nema jafnrétti kynjanna sé þar í öndvegi. Faghópurinn telur að árangursríkt starf að kynjajafnrétti muni styrkja fræðslu um fjölmenningu, búsetujafnrétti og margar aðrar „tegundir“ jafnréttis.

Niðurstöður stýrihóps

Þar sem stýrihópurinn var skipaður jafnréttisráðgjöfum eða fulltrúum sveitarfélaganna var nauðsynlegt að við hlið hans starfaði faghópur sem hefði yfir að ráða sérþekkingu á sviði skólamála og skólastarfs. Umræður urðu um að blanda þessum hópum saman en fallið var frá því þar sem hópurinn hefði orðið of fjölmennur með þeim hætti. Hvað framhald verkefnisins varðar gæti verið heppilegt að sameina stýri- og faghóp og draga þar með úr yfirbyggingu verkefnisins og ná um leið betri tengingu milli hópanna. Einnig mætti hugsa sér að ráða einn faglegan ráðgjafa til að veita verkefninu ráðgjöf og stuðning.

Stýrihópurinn vanmat undirbúningstíma skólanna og telur í ljósi reynslunnar að aðdragandi verkefnisins innan skólanna hefði mátt vera vandaðri og lengri. Fyrr hefði þurft að ná til þátttökuskólanna. Skólastarf er skipulagt langt fram í tímann og víða í skólunum hafði ekki verið gert ráð fyrir nauðsynlegum undirbúningstíma og / eða svigrúmi í skólastarfinu. Lengri tími hefði líka mátt fara í uppbyggingu og efnisöflun á heimasíðuna.

Mikilvægt er að skólastjórnendum verði ljóst að ábyrgðin er þeirra hvað jafnréttisstarf varðar og það er þeirra að innleiða kynja- og jafnréttissjónarmið inn í allt skólastarf. Áhugasamir kennarar eiga ekki að þurfa að vera í þeim sporum að bera fána jafnréttis einir og óstuddir.

Samkvæmt 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu nemendur, á öllum skólastigum, hljóta fræðslu um jafnréttismál. Menntamálaráðuneytið ætti að sjá sér leik á borði og nýta þá reynslu og þekkingu sem orðið hefur til með þróunarverkefninu *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* og innleiða markvisst jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum. Einstakar lagagreinar tryggja ekki jafnréttisstarf í skólum heldur verða skólarnir að fá nauðsynlegan stuðning og ráðgjöf til að sinna því verkefni. Kennarana, námsráðgjafana, verkefnisstjórnann, faghópin og aðra sem komu að og tóku þátt í þróunarverkefninu

Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum mætti kalla til ráðgjafar við innleiðingu jafnréttissjónarmiða inn í skólastarf. Einnig verður að tryggja áframhaldandi tilurð heimasíðu verkefnisins www.jafnrettiiskolum.is.

Heimasíða verkefnisins

Á heimasíðunni www.jafnrettiiskolum.is er efni sem styðja á skólafólk við innleiðingu nýrra hugmynda og samþættingu jafnréttissjónarmiða í skólastarf. Á síðunni má meðal annars finna upplýsingar um námsefni, jafnréttisfræðsluverkefni, ritgerðir, fréttir, greinar og gagnlega tengla. Frá því heimasíðan var opnuð þann 17. september 2008 og fram til 1. nóvember 2009 hafa 5.655 gestir heimsótt hana. Fjöldi innlita er 9.457 en það felur í sér að 55.305 síður hafa verið skoðaðar og 264.395 skrár.

Yfirlit yfir heimsóknir á heimasíðuna

Mánuður	Gestir	Innlit	Síður	Skrár
September	718	1050	9.085	40.422
Október	411	759	5.074	28.324
Nóvember	433	740	4.168	21.841
Desember	214	386	2.264	11.753
Janúar	306	514	3.072	15.277
Febrúar	382	700	3.715	19.263
Mars	425	704	3.960	20.113
Apríl	413	643	3.297	15.080
Maí	453	805	3.982	21.851
Júní	308	510	3.197	12.344
Júlí	242	367	1.818	7.256
Ágúst	313	562	3.273	15.318
September	548	952	4.905	21.558
Október	489	765	3.495	13.995
Samtals	5.655	9.457	55.305	264.395

Ef heimasíðan á að gagnast sem skyldi þarf að kynna hana markvisst fyrir skólafólki, vekja athygli á jafnréttisfræðsluverkefnum skólanna sem þar er að finna og þeim möguleikum sem síðan býður upp á. Einnig þarf að virkja skólana og fleiri til að koma með ábendingar um gott jafnréttisfræðsluefni til að birta á heimasíðunni.

Niðurstöður og lærdómur

Í öllum tilvikum var það þannig að sveitarfélögin, að tilstuðlan þeirra sem starfa að jafnréttismálum, ákváðu að taka þátt í verkefninu og síðan var leitað til skólanna. Í upphafi fór því mikil vinna í að selja einstökum skólum verkefnið og í einum skólanum má segja að verkefnið hafi aldrei farið af stað. „*Mikilvægast af öllu er að þær stofnanir og starfsfólk þeirra sem vinna að verkefninu komi frekar að því vegna áhuga heldur en annarra þátta. Ef fólk kemur heils hugar að þessu verkefni næst meiri og jafnvel betri árangur*“ segir kennari sem tók þátt í verkefninu.

Verkefnið var á forræði jafnréttisfulltrúa þátttökusveitarfélaganna og af einhverjum ástæðum tókst ekki að tengja eða virkja skólaskrifstofurnar. Skólastjórnendur grunnskólanna voru heldur ekki nægilega meðvitaðir um ábyrgð sína og hlutverk við innleiðingu og samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða inn í allt skólastarfið.

Náðust markmiðin sem lagt var upp með?

Til grundvallar verkefninu lágu sex meginmarkið og benti faghópurinn fljótlega á að skerpa þyrfti og endurskoða markmiðin í samræmi við verkefnalýsingar skólanna. Þar sem hægt gekk að innheimta verkefnalýsingarnar fór endurskoðun markmiðanna ekki fram og matsviðmið árangursmats Rannsóknar- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri tóku þar af leiðandi ekki á markmiðum verkefnisins í heild.

Eitt aðalmarkmið verkefnisins var að efla og auka jafnréttisfræðslu og jafnréttisstarf í þátttökuskólunum og samþætta kynjasjónarmið í kennslu. Skólarnir telja sig hafa náð þessu markmiði, til dæmis með auknum áhuga og þekkingu kennara á jafnréttismálum og aukinni vitund um mikilvægi jafnréttis við uppeldi og kennslu. Jafnréttisfræðslan náði almennari útbreiðslu meðal kennara og starfsfólks leikskólanna en í grunnskólunum afmarkaðist fræðslan meira við einstaka kennara og bekkjardeildir. Skýringin er sú að í leikskólunum héldu skólastjórnendur í flestum tilfellum utan um verkefnin. Þar var meiri áhersla lögð á starfsmannahópinn, foreldrasamstarf og skólastarfið í heild sinni. Í grunnskólunum fólu skólastjórnendur hins vegar ákveðnum kennurum eða námsráðgjöfum jafnréttisfræðsluverkefnið sem þýddi að einstakir starfsmenn báru hitann og þungann af verkefninu og það einskorðaðist meira við ákveðna nemendahópa. Lítil umræða eða smitun átti sér þar af leiðandi stað út í skólasamfélagið.

Samvinna milli þátttökusveitarfélaganna um jafnréttismál á sviði skólamála jókst á meðan á verkefninu stóð. Sú samvinna einskorðaðist við skólana sem tóku þátt í verkefninu og

jafnréttisfulltrúana. Fulltrúar skólanna tíu hittust á vinnufundum þar sem þeir báru saman bækur sínar, miðluðu reynslu og skiptust á hugmyndum og jafnréttisfulltrúarnir hittust reglulega á stýrihópsfundum.

Misjafnlega gekk að auka samvinnu innan sveitarfélaganna um jafnréttismál almennt. Jafnréttisfulltrúi Akureyrarbæjar telur að samstarfið hafi ekki aukist og að verkefnið hafi verið tiltölulega einangruð innan skólanna. Samfélags- og mannréttindaráð fylgdist með verkefnunum úr fjarlægð en ekki varð af formlegum kynningarfundum. Þó má nefna jafnréttisfræðslufundi fyrir alla grunnskólakennara á Akureyri á vegum skóladeildarinnar og Jafnréttisstofu og hádegisverðarfund Jafnréttisstofu og Akureyrarbæjar þar sem verkefnið var kynnt í heild sinni ásamt verkefnum Lundarsels og Lundarskóla. Jafnréttisfulltrúinn fundaði með skólastjórum grunnskólanna í byrjun október 2009 þar sem áhersla var lögð á ábyrgð þeirra hvað jafnréttisfræðslu í skólum varðar.

Jafnréttisnefnd Kópavogs hélt tvö málþing, í upphafi og við lok verkefnisins, þar sem verkefni þátttökuskólanna voru kynnt. Jafnréttisfulltrúinn, ásamt formanni jafnréttisnefndar, fór inn á fundi með skólastjórnendum grunnskóla annars vegar og leikskóla hins vegar og gáfu meðal annars öllum skólum í sveitarfélaginu bækur um jafnréttisfræðslu. Við það tækifæri voru jafnréttisfræðsluverkefnið rædd og í kjölfarið kallaði einn grunnskóli eftir fræðslu inn á kennarafund. Einnig kynnti leikskólastjórinn í Smárahvammi jafnréttisfræðsluverkefni skólans á sameiginlegum skipulagsdegi leikskóla Kópavogs.

Í Mosfellsbæ var verkefnið kynnt í fræðslunefnd haustið 2008 og haustið 2009 var jafnréttisdagur sveitarfélagsins helgaður jafnréttisfræðslu í skólum. Yfirskrift dagsins var *Jafnrétti í skólum – raddir barna*. Börn úr Mosfellsbæ fjölluðu þar um jafnréttismál út frá sínu sjónarhorni og leikskólanum Reykjakoti var afhent jafnréttisviðurkenning Mosfellsbæjar. Í framhaldinu var ákveðið að setja ákvæði um jafnrétti allra foreldra til upplýsinga inn í nýja skólastefnu sveitarfélagsins. Þannig verður verkefni Reykjakots yfurfært á allar skólastofnanir bæjarins.

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar fylgdist með verkefninu og sat einn fulltrúi þess í stýrihópnum um tíma. Auk þess fékk ráðið kynningu á verkefninu. Verkefni Vogaskóla vakti athygli og veitti menntaráð Reykjavíkurborgar Vogaskóla hvatningarverðlaun fyrir jafnréttisverkefnið. Mannréttindaráð hefur ákveðið að standa straum að kostnaði við kynningu á jafnréttisverkefni Vogaskóla í öðrum grunnskólum borgarinnar. Þessi kynning verður unnin í samvinnu Vogaskóla, mannréttindaskrifstofu og Menntasviðs.

Almennt má segja að skólaskrifstofur þátttökusveitarfélaganna hafi verið jákvæðar í garð verkefnisins og tilbúnar til þátttöku sér í lagi ef þátttökunni fylgdi lítill eða enginn tilkostnaður.

Heimasíða var sett upp með það að markmiði að auka upplýsingaflæði um jafnréttisfræðslu og búa til vettvang til að miðla af reynslu. Þangað eiga skólar að geta sótt sér hugmyndir, efni og verkefni sem reynst hafa vel í öðrum skólum. Markmiðið er að heimasíðan sé aðgengilegur gagnabanki fyrir alla þá sem vilja fræðast og fræða um jafnrétti í námi og starfi. Þegar heimasíðan var opnuð haustið 2008 var kynning á henni send til allra leik- og grunnskóla í landinu. Einnig var óskað eftir að því við skólana að þeir sendu inn jafnréttisfræðsluefni og / eða verkefni sem þeir væru að vinna með. Það er skemmst frá því að segja að engin viðbrögð komu frá skólunum.

Heldur verkefnið áfram innan skólanna og / eða nær það til annarra skóla?

Allir þátttökuskólarnir ætla að halda verkefninu áfram í einhverju formi. Í Vogaskóla er ekki búið að ákveða nákvæmlega hvernig jafnréttisstarfinu verður framhaldið en kennararnir telja að umræðunni verði að halda við. Verkefnin sem unnin voru með fjórða og sjötta bekk verða áfram notuð í þeim bekkjardeildum skólaárið 2009-2010. Í Lækjarskóla telja þátttakendur að vinna þurfi að jafnréttisáætlun skólans og svo vitnað sé í orð skólastjórans: „*Vissulega hefur okkur miðað áfram hvað varðar jafnrétti kynjanna en betur má ef duga skal.*“ Í Hörðuvallaskóla verður haldið áfram með verkefnin sem unnin voru í fjórða og áttunda bekk og sama má segja um Lundarskóla. Verkefnið sem þar var unnið með áttunda bekk verður aftur unnið með sama aldurshópi. Einnig er stefnt að því að bjóða kennurum upp á jafnréttisfræðslu í vetur. Varmárskóli í Mosfellsbæ vill líka gera betur með það að markmiði að starfsmenn verði meðvitaðir um jafnréttisfræðslu á öllum stigum skólans.

Á leikskólanum Hörðuvöllum hefur verið ákveðið að halda verkefninu áfram og beina nú athyglinni meira að nemendum. Næsta skólaár verður með markvissum hætti skoðað hvort og þá hvernig kennarar og starfsfólk skólans vinna með börnin með tilliti til kyns. Í Mosfellsbæ á að setja inn í skólastefnu sveitarfélagsins ákvæði um jafnrétti allra foreldra til upplýsinga. Þannig yfirfærir verkefni Reykjakots á allar skólastofnanir bæjarins og lifir áfram þar. Í Smárahvammi var lagt upp með stórt og umfangsmikið verkefni sem ekki náðist að klára á síðasta skólaári, því verkefni verður haldið áfram í vetur. Starfsfólk og kennarar Lundarsels eru staðráðnir í að halda jafnréttisstarfinu áfram með því að fræðast og fræða börnin meira. Þar verður áfram unnið með barnabókina *Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Rósa var Ragnar*.

Þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* hefur verið kynnt víða. Jafnréttisfræðsluverkefni skólanna eru aðgengileg á heimasíðunni og þangað geta kennarar sótt sér efni og innblástur til góðra verka í jafnréttismálum. Einnig eru einstakir kennarar tilbúnir til að koma í skólaheimsóknir og kynna verkefni sín fyrir öðrum kennurum. Nú þegar hafa Akureyrarskólarnir kynnt verkefni sín fyrir grunnskólakennurum á Akureyri. Vogaskóli kynnti fjórða bekkjar verkefnið sitt í Fjarðabyggð á starfsdegi grunnskólakennara þar um miðjan ágúst og Lundarsel kynnti verkefnið sitt fyrir leikskólakennurum og starfsfólki leikskóla í Fjarðabyggð í byrjun október. Hvort einhverjir aðrir skólar og / eða kennarar nýta sér tilraunaverkefnið sem unnin voru er ekki gott að segja. Ef hins vegar einhver árangur á að nást varðandi innleiðingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða inn í allt skólastarf verða yfirvöld menntamála, skólaskrifstofur sveitarfélaganna og skólastjórnendur að axla sína ábyrgð og styðja kennara og starfsfólk skóla við að sinna lögboðinni jafnréttisfræðslu.

Tillögur að áframhaldandi starfi

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Þessum markmiðum skal meðal annars ná með því að efla fræðslu um jafnréttismál, breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar Íslands í jafnréttismálum er gert ráð fyrir að gerð verði áætlun um jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum, meðal annars á grundvelli þróunarverkefnisins *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* og yfirfærslugildi þess. Einnig á að vinna að því með framhaldsskólunum að búa til áfanga í kynja- og jafnréttisfræðum. Kynjafræði verði innleidd í kennaramenntun og þróaður verði sáttmáli við fjölmiðla um að þeir vinni markvisst að því að jafna hlut kynjanna í fjölmiðlum.

Þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* skilur eftir sig dýrmæta þekkingu og reynslu sem getur nýst til að efla jafnréttisstarf í skólum landsins. Mikilvægt er að hafa eftirfarandi atriði í huga við gerð áætlunar um jafnréttisfræðslu í skólum.

- *Kynjafræði í kennaramenntun.* Í 17. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt. Í 23. grein sömu laga segir einnig að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi. Ef uppfylla á þessar lagagreinar verða skólayfirvöld og skólastjórnendur að afla sér þekkingar á þessu sviði. Einn liður í því er að kynjafræði verði skyldunámsgrein í kennaramenntun og gangskör verði gerð að endurmenntun kennara á þessu sviði. Að jafnaði hafa ekki verið sérstök námskeið í kynjafræði í kennaranáminu, þótt sums staðar hafi verið hægt að sækja valnámskeið á þessu sviði. Líklegt er að þetta valdi því að hægt gengur að samþætta kynjasjónarmið við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi. Jafnréttisstofa hefur vakið athygli menntamálaráðherra, kennaradeildar Háskólans á Akureyri og menntavísindasviðs Háskóla Íslands á mikilvægi kynjafræði í kennaramenntun nú þegar kennaranámið hefur verið lengt. Vekja þarf athygli allra

þeirra sem koma að menntun kennara, þar með talið endurmenntun, á mikilvægi kynjafræði í kennaramenntun.

- *Ábyrgð menntamálaráðuneytisins, skólayfirvalda og skólastjórnenda.* Víða í skólakerfinu er mikið verk að vinna við mótun jafnréttisstefnu í samræmi við lög og opinber markmið. Skólayfirvöld og skólastjórnendur bera ábyrgð á því að farið sé að lögum og jafnréttisstarf og jafnréttisfræðsla sé innleidd í allt skólastarf. Þar er víða pottur brotinn. Menntamálaráðuneytið verður að axla sína ábyrgð, fara að lögum og sinna eftirlitshlutverki sínu og kalla eftir upplýsingum frá skólum og skólaskrifstofum varðandi hvort og þá hvernig jafnréttisfræðsla er sinnt í skólum. Jafnréttisstofa hefur óskað eftir þessum upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu. Fagnað er ráðningu jafnréttisráðgjafa ráðuneytisins til að uppfylla lagalegar skyldur, samanber 23. grein laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, og talið að ráðning í 50% starf sé aðeins fyrsta skrefið.
- *Þróunarstarf tekur tíma.* Jafnréttis- og kynjasjónarmið verða ekki innleidd í skólastarf á einu ári. Þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* þarf að kynna sem víðast svo og jafnréttisfræðsluverkefnið sem unnin voru skólaárið 2008–2009. Tryggja þarf fleiri sveitarfélögum þátttöku í sambærilegu verkefni og sjá til þess að þátttökuskólarnir tíu fái áframhaldandi stuðning og ráðgjöf. Jafnréttisstofa ásamt þátttökusveitarfélögunum fimm hefur sótt um styrk í *Sprotasjóð* til þessa verks.
- *Námsefni / kennsluefni / jafnréttisfræðsluverkefni.* Gera þarf faglega úttekt á öllu því kynjafræðilega námsefni sem til er, endurútgefa gott efni, semja nýtt og kynna fyrir kennurum. Einnig þarf að setja fjármagn í að kynna og gefa út jafnréttisfræðsluverkefnið sem voru unnin í þróunarverkefninu *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* ef þau eiga að geta nýst öðrum skólum til góðra verka í jafnréttismálum. Jafnréttisstofa hefur sótt um styrk í *Þróunarsjóð námsgagna* til þessa verks.
- *Heimasíða verkefnisins.* Á heimasíðu verkefnisins www.jafnrettiiskolum.is er mikið af góðu og gagnlegu efni til jafnréttisfræðslu í skólum, má þar meðal annars nefna jafnréttisfræðsluverkefnið sem unnin voru skólaárið 2008-2009. Tryggja þarf áframhaldandi utan um hald og uppfærslu á heimasíðunni.
- *Erlent samstarf.* Afla þarf gagna og skoða í hvaða sjóði er hægt að sækja varðandi erlent samstarf. Styrkirnir byggja margir hverjir á samstarfi sveitarfélaga og því þarf að taka umræðuna á þeim vettvangi. Veita þarf skólum, skólayfirvöldum og

sveitarfélögum aðstoð og stuðning við þessar styrkumsóknir. Þar gegna jafnréttisfulltrúar sveitarfélaganna mikilvægu hlutverki.

- *Námskrár.* Efla þarf vægi jafnréttisfræðslu í námskrám nú þegar endurskoðun námskráa stendur yfir. Vægi kynjajafnréttis þarf að koma mun sterkar inn sem grunnur að almennu jafnrétti. Aukin áhersla á almenn mannréttindi og lýðræði kemur aldrei í staðinn fyrir kynjajafnrétti. Einnig þarf að styrkja kennara þannig að þeir verði óhræddir við að taka jafnrétti kynjanna á dagskrá.
- *Sjálfsmat skóla.* Jafnréttisfræðsla þarf að koma inn í sjálfsmat skóla, það gæti verið ein leið til að afla upplýsinga um jafnréttisstarf í skólum. Skólastjórnendum ætti þá að verða ljóst að þeim ber að fara að lögum og innleiða jafnréttis- og kynjasjónarmið inn í allt skólastarf.
- *Jafnréttisviðurkenning.* Að veita skólum viðurkenningu fyrir gott starf á sviði jafnréttismála er ein leið til að efla og auka metnað skólanna á þessu sviði. Og til að virkja börn og unglinga mætti halda samkeppni í skólunum um jafnréttismerki.

Rannsóknir sýna að kynbundið náms- og starfsval er ekki á undanhaldi og fordómar samfélagsins og lág laun koma í veg fyrir að karlar sæki í hefðbundin kvennastörf (Samtök atvinnulífsins, 2007; Steinunn H. Jónsdóttir, 2006;). Ungir karlar reikna með hærri launum en ungar konur og yngri kynslóðir hafa neikvæðara viðhorf til jafnréttis en þær sem eldri eru (Jafnréttisráð, 2007; Andrea Hjálmsdóttir, 2007). Einnig sýna rannsóknir að kynjaskipting vinnumarkaðarins er sterkasti áhrifavaldurinn þegar kemur að launamun kynjanna (Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005). Þetta eru sláandi niðurstöður og því vaknar sú spurning hvort jafnréttislögum sé ekki framfylgt, - er ekki verið að sinna jafnréttisfræðslu í skólum landsins?

Lokaorð

Þrátt fyrir að hér á landi hafi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla verið í gildi í rúm þrjátíu ár er enn langt í land hvað raunverulegt jafnrétti varðar. Ef raunverulegt jafnrétti á að nást þarf hugarfarsbreytingu og henni náum við ekki nema með því að fræða börn og unglunga um jafnréttismál. Þar gegnir skólinn mikilvægu hlutverki.

Jafnréttisfræðsla og jafnréttisstarf á öllum skólastigum er mikilvægt verkefni í jafnréttisbaráttunni. Með markvissri fræðslu og umræðu frá upphafi skólagöngu er ungu fólki gefið tækifæri til að taka ákvarðanir varðandi framtíð sína óháð heftandi staðalmyndum kynjanna og hefðbundnu starfsvali. Það mun nýtast þessum einstaklingum auk þess sem hæfileikar þeirra munu gagnast samfélaginu í heild.

Jafnréttisfræðsla í skólum getur aldrei einangrast við einstaka námsgrein eða verkefni heldur verður kynjasamþættingar að gæta við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla og uppeldisstarfi. Víða í skólakerfinu er mikið verk að vinna við mótun jafnréttisstefnu í samræmi við lög og opinber markmið og það eru skólayfirvöld og skólastjórnendur sem verða að axla þá ábyrgð, ekki einstakir kennarar.

Skýrslan varpar ljósi á stöðu jafnréttisfræðslu og jafnréttisstarfs í skólum landsins og mikilvægi þess að henni sé sinnt eins og lög gera ráð fyrir. Þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* skilur eftir sig dýrmæta reynslu auk þekkingar sem vonandi getur nýst, skólayfirvöldum, kennurum og öðrum sem koma að menntun og uppeldi barna og unglunga, til góðra verka á sviði jafnréttismála.

Akureyri í nóvember 2009

Arnfríður Aðalsteinsdóttir

Arnfríður Aðalsteinsdóttir verkefnisstjóri á Jafnréttisstofu

Fylgiskjöl

1. *Samstarfssamningur verkefnisins.*
2. *Hvernig ætti starfsdagur um kynjafræði / jafnréttismál að vera?
Hver er hlutur þátttökuskólanna í sí- og endurmenntun kennara?*
3. *Námsstefna um jafnréttisstarf í skólum – dagskrá.*
4. *Verklýsing fyrir faghóp verkefnisins.*
5. *Rammi að verklýsingu skólanna.*
6. *Rammi að lokaskýrslu skólanna.*
7. *Jafnréttisfræðslufundir með grunnskólakennurum á Akureyri.*
8. *Starfsdagur með grunnskólakennurum í Fjarðabyggð.*
9. *Námskeið fyrir leikskólakennara í Fjarðabyggð.*
10. *Heimasíðan www.jafnrettiiskolum.is*

Fylgiskjal 1

Samstarfssamningur verkefnisins.

Samstarfssamningur um þróunarverkefnið „Jafnréttisfræðsla í leikskólum og grunnskólum“

Eftirtaldir aðilar gera hér með sín á milli samning um skipulag, framkvæmd og fjármögnun verkefnisins „Jafnréttisfræðsla í leikskólum og grunnskólum“ fyrir tímabilið 1. apríl 2008 til 1. júní 2009: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Jafnréttisstofa, Hafnarfjarðarkaupstaður, Reykjavíkurborg, Akureyrarkaupstaður, Kópavogsbær og Mosfellsbær. Fulltrúar framangreindra aðila mynda stýrihóp verkefnisins.

1. gr. Tilgangur og markmið verkefnis

Verkefnið miðar að því að auka og efla jafnréttis- og kynjasjónarmið í skólastarfi, þ.e. í leikskólum og grunnskólum. Verkefnið er tvíþætt: Annars vegar að setja upp vefsíðu þar sem upplýsingar um jafnréttisfræðslu verða aðgengilegar. Hins vegar að vinna með grunnskólum og leikskólum sem hafa áhuga á að sinna tilraunaverkefnum á sviði jafnréttismála og nota vefsíðuna til kynningar á þeim.

2. gr. Hlutverk Jafnréttisstofu

Verkefnastjórnun og staðsetning verkefnisins er hjá Jafnréttisstofu. Jafnréttisstofa heldur utan um ráðningu á verkefnastjóra verkefnisins. Starfsmaður hjá Jafnréttisstofu annast umsjón og framkvæmd verkefnis í samstarfi við verkefnastjóra. Jafnréttisstofa í samstarfi við verkefnastjóra sér um fjármála- og bókhaldsumsýslu. Eftir starfslok verkefnastjóra þarf uppgjör verkefnisins að liggja fyrir. Uppgjör verður endurskoðað af viðeigandi aðila.

3. gr. Hlutverk stýrihóps

1. Að veita verkefnastjóra aðhald og stuðning í framkvæmd og útfærslu verkefnisins.
2. Að sjá til þess að markmiðum verkefnisins verði náð.
3. Að fylgjast með framkvæmd verkefnis og meta árangur þess.
4. Að hafa samráð við fagaðila.
5. Að ákveða framhald verkefnisins eftir starfslok verkefnastjóra.

Heimilt er að fjölga aðilum að samningnum ef 2/3 hlutar stýrihópsins samþykkja það. Hópurinn fundar einu sinni í mánuði.

4. gr. Vinnuframlög og fjárframlög

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að koma að verkefninu með fjárframlögum, sjá fylgiskjal.
2. Vinnuframlag tilraunaskóla.
3. Fjárframlög styrktaraðila.

5. gr. Hlutverk verkefnastjóra

Verkefnastjóri heyrir undir Jafnréttisstofu. Verkefnastjóri vinnur að því í samráði við stýrihóp verkefnisins að ná settum markmiðum verkefnisins.

Helstu verkefni eru að:

1. Halda utan um undirbúning og skipulag verkefnisins.
2. Að móta verkefnið.
3. Útvega fjármagn fyrir framkvæmd verkefnisins.
4. Afla tengsla og upplýsinga fyrir verkefnið.
5. Bera ábyrgð á framkvæmd og útfærslu verkefnisins.
6. Að vera tengiliður við tilraunaskóla.
7. Kynna verkefnið.
8. Skipuleggja fundi stýri- og verkefnahóps.

6. gr. Gildistími

Gildistími samstarfssamningsins er starfsár verkefnastjóra sem miðast við 1. apríl 2008 til 1.júní 2009.

Hafnarfirði, 22. maí 2008,

f. h. Félags- og tryggingamálaráðuneytis

f. h. Jafnréttisstofu

f. h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

f. h. Reykjavíkurborgar

f. h. Akureyrarkaupstaðar

f. h. Kópavogsbæjar

f. h. Mosfellsbæjar

Fylgiskjal 2

Hvernig ætti starfsdagur um kynjafræði / jafnréttismál að vera? Hver er hlutur þáttökuskólanna í sí- og endurmenntun kennara?

Hvernig ætti starfsdagur um kynjafræði / jafnréttismál að vera?

- Innleggið þarf að vera skemmtilegt til að það vekir áhuga.
- Þátttakan þarf að skila einhverju, t.d. vísi að áætlun, dæmi um verkefni (hér mætti t.d. vinna að slíkri áætlun og fara svo yfir hana á eftirfylgnidögum).
- Hópumræður um hvað jafnrétti er.
- Grunnfræðsla í kynjafræði.
- Orðræðan – hvernig tölum við um og við kynin.
- Hvernig hegðum við okkur sjálf hvernig fyrirmyndir erum við? Mikilvægt að fá einhvern sem er klár í slíkri umræðu til að leiða hana.
- Skoða verkaskiptinguna í kennarahópnum.
- Menning á vinnustað, fjölgun karla: Finna þeir sig á vinnustað þar sem er hefð fyrir kvennamenningu? Upplifun karla á kvennavinnustað.
- Fræðsla um hvernig kennarar geta kennt jafnrétti og fléttað það inn í allt námsefni.
- Hvernig hugsa börn og unglingar um jafnrétti?
- Sjálfspæking krakka – áhugasvið – fræðsla um hvernig hægt er að tengja slík fræði (lífsleikni) við kynjasjónarhornið.
- Vinna með skólanum og skoða hann út frá kynjafræðilegum sjónarhóli, ræða hindranir og tækifæri í jafnréttisfræðslu skólans. T.d. hópaskipting þar sem hver hópur svarar spurningu um hvernig hægt sé að bæta skólastarfið af kynjafræðilegum sjónarhóli – kynnt fyrir hinum hópnum og rætt.
- Ákveðin verkefni til að vinna milli fræðslufunda.
- Styrkja innkomu karla.
- Kynning fyrir foreldrafélög.
- Dreifa lesefni um kynjafræði fyrirfram svo fólk komi undirbúið.
- Efla upplýsingaveitur (s.s. vefinn okkar) og hafa lifandi.
- Nauðsynlegt að stjórnendur skóla séu með allan tímann.

Hver er hlutur þáttökuskólanna í sí- og endurmenntun kennara?

- Skólarnir kynni jafnréttisfræðsluverkefni sín fyrir öðrum skólum.
- Auglýsa jafnréttisfræðsluverkefni á netinu og annarstaðar.
- Gagnabanki á netinu sem aðrir geta leitað í.
- Nauðsynlegt að greitt verði fyrir kynningarnar.
- Nauðsynlegt að vel útbúnir kennslupakkar verði í boði.
- Gott að geta sótt fræðslupakka til Jafnréttisstofu.
- Kynningar frá skólunum á starfsdögum geta verið kveikja fyrir aðra kennara.
- Styrkir til kennara í þáttökuskólunum.
- Einhverjir kennarar eru tilbúnir til að vera mentorar fyrir næstu nýgræðinga.

Fylgiskjal 3

Námsstefna um jafnréttisstarf í skólum – dagskrá.

Námsstefna um jafnréttisstarf í skólum

Þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* boðar til námsstefnu þriðjudaginn 26. maí kl. 13:30 í Salnum í Kópavogi Þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* er samstarfsverkefni Jafnréttisstofu, Félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Hafnarfjarðarbæjar, Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar, Kópavogsbæjar og Mosfellsbæjar. Menntamálaráðuneytið styður verkefnið og leggur framkvæmd þess lið ásamt Jafnréttisráði og fjölmörgum styrktaraðilum. Þátttökusveitarfélögin fimm tilnefndu öll einn leikskóla og einn grunnskóla til að sinna tilraunaverkefnum á sviði jafnréttismála skólaárið 2008–2009. Á námsstefnunni kynna fulltrúar skólanna verkefni sem nýst geta til jafnréttisstarfs í skólum. Nánari upplýsingar um þróunarverkefnið má finna á slóðinni www.jafnrettiiskolum.is

Dagskrá

- 13:30 – 13:45** Tónlistaratriði frá leikskólanum Hörðuvöllum í Hafnarfirði
13:45 – 14:00 Árni Páll Árnason félags- og tryggingamálaráðherra setur námsstefnuna
14:00 – 14:15 Louise Windfeldt, höfundur barnabókarinnar *Den dag da Rikke var Rasmus* og *Den dag da Frederik var Frida* kynnir bókina og tilurð hennar
14:15 – 15:10 Kynningar á jafnréttisstarfi í leikskólum
15:10 – 15:40 Kaffihlé / kynningarbásar og veggspjöld
15:40 - 16:30 Kynningar á jafnréttisstarfi í grunnskólum
16:30 – 16:45 Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor fer yfir niðurstöður faghóps verkefnisins
16:45 – 17:00 Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu slítur námsstefnunni og veitir viðurkenningar fyrir teikni- og ljóðsamkeppni Jafnréttisstofu og Eymundsson

Námsstefnan er kjörinn vettvangur fyrir alla þá sem vilja fræðast um jafnrétti í skólastarfi. Hún er öllum opin og eru skólastjórnendur, kennarar, foreldrar, fulltrúar fræðslunefnda, fulltrúar jafnréttisnefnda, starfsmenn skólaskrifstofa, sveitarstjórnarmenn og stjórnálamenn sérstaklega hvattir til að mæta.

Arnfríður Aðalsteinsdóttir verkefnisstjóri á Jafnréttisstofu veitir frekari upplýsingar
arnfridur@jafnretti.is sími 460-6200 / 899-3480

Fylgiskjal 4

Verklýsing fyrir faghóp verkefnisins.

Faghópur þróunarverkefnisins Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Fulltrúar sem sæti eiga í faghópnum

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Háskólann á Akureyri, er í forystu faghóps sem í eiga sæti Björk Óttarsdóttir, skólastjóri í leikskólanum Núpi í Kópavogi sem fulltrúi Félags leikskólakennara, Kristín Helgadóttir kennari í Álftanesskóla í Bessastaðahreppi sem fulltrúi Félags grunnskólakennara og Ragnheiður Bóasdóttir námsráðgjafi við Háskólann á Bifröst í Borgarfirði fulltrúi Félags náms- og starfsráðgjafa.

Starfstími faghópsins

Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Jafnréttisstofa, Hafnarfjarðarkaupstaður, Reykjavíkurborg, Akureyrarkaupstaður, Mosfellsbær og Kópavogsbær hafa gert sín á milli samstarfssamning um skipulag, framkvæmd og fjármögnun verkefnisins *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* fyrir tímabilið 1. apríl 2008 til 1. júní 2009. Starfstími faghópsins nær yfir það tímabil.

Hlutverk faghópsins

Faghópurinn er sjálfstæður ráðgjafarhópur, hugsaður sem faglegur stuðningur við verkefnið í heild sinni. Helstu hlutverk hópsins eru að:

1. Þróa og móta verkefnið og tryggja að markmið þess séu skýr og framkvæmanleg.
2. Veita skólum sem sinna tilraunaverkefnum faglegan stuðning og ráðleggingar m.a. með því að.
 - a) Fara yfir hugmyndir skólanna að tilraunaverkefnum og koma með ábendingar og tillögur.
 - b) Fylgjast með framgangi tilraunaverkefnanna og koma með ábendingar og tillögur.
3. Veita stýrihópnum, verkefnisstjóra og öðrum sem koma að verkefninu faglegan stuðning og ráðleggingar m.a. með því að.
 - a) Koma með tillögur og ábendingar um efni og uppbyggingu heimasíðu verkefnisins.
 - b) Koma að undirbúningi og framkvæmd vinnufunda fyrir fulltrúa skólanna sem sinna tilraunaverkefnum.

Faghópurinn fundar reglulega, verkefnisstjóri boðar og situr fundi hópsins.

Fylgiskjal 5

Rammi að verklýsingu skólanna.

Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Nafn á tilraunaverkefni skólans

Markmið

- Hér kemur fram hverju skólinn og þið sem kennarar viljið ná fram með verkefninu.
- Rökstuðningur í hnotskurn fyrir þessu verkefni.
- Hvaða markmiðum viljið þið ná?

Leiðir

- Hér kemur fram hvaða leiðir skólinn og þið sem kennarar ætlið að fara til að ná markmiðum ykkar.
- Hvaða leiðir viljið þið fara?

Rökstuðningur fyrir vinnubrögðum

- Ef þið viljið getið þið verið með rökstuðning fyrir vinnubrögðum ykkar, hvers vegna veljið þið þessar leiðir?
- Hér getið þið komið með ykkar hugleiðingar.

Ávinningur

- Hvaða ávinning væntið þið að sjá með verkefninu?

Mat

- Hvernig ætlar skólinn og eða þið sem kennarar að meta verkefnið?

Kennsluleiðbeiningar

- Hér koma kennsluleiðbeiningar ef það á við.

Fylgiskjal 6

Rammi að lokaskýrslu skólanna.

Helstu þættir sem þurfa að koma fram í lokaskýrslunni um tilraunaverkefnið

<p>Forsíða</p> <ul style="list-style-type: none"> - Stöðluð forsíða þar sem fram kemur, nafn skóla og logo, nafn á tilraunaverkefni skólans, dagsetning / útgáfumánuður
<p>Efnisyfirlit</p> <ul style="list-style-type: none"> - Lýsing á verkefninu og framvinda - Mat á verkefninu - Ályktanir og lærdómur af verkefninu - Lokaorð - Fylgiskjöl
<p>Lýsing á verkefninu og framvinda</p> <ul style="list-style-type: none"> - Skipulag verkefnisins og framkvæmd. - Markmiðin sem lagt var upp með í verkefninu. - Hvaða leiðir voru farnar til að ná markmiðunum? - Hvers vegna voru þessar leiðir valdar? - Kynning á verkefninu, útgáfa eða dreifing sem hefur farið fram eða er fyrirhuguð.
<p>Mat á verkefninu</p> <ul style="list-style-type: none"> - Hvaða markmiðum var náð, og hvernig? <ol style="list-style-type: none"> Hvernig var verkefnið metið? (Matsaðferðir og framkvæmd). Hvaða formlegar rannsóknir (kannanir, viðtöl, matsumræða) fóru fram um verkefnið? - Hver er ávinningurinn af verkefninu? <ol style="list-style-type: none"> Metum við árangurinn út frá aukinni vitund nemendahópa eða út frá aukinni vitund stjórnenda, kennara og annars starfsfólks skólanna? Stuðlaði verkefnið að gleggri vitund um jafnréttisstarf og jafnréttiskennslu í skólanum? (Meðal kennara og annarra sem starfa að verkefninu, meðal nemenda, í skólanum sem heild). Hvernig verður jafnréttisstarfinu haldið áfram? - Mat á stuðningi við verkefnið a) verkefnisstjóri b) stýrihópur c) faghópur e) jafnréttis- og skólamálayfirvöld í sveitarfélaginu f) aðrir ef við á.
<p>Ályktanir og lærdómur af verkefninu</p> <ul style="list-style-type: none"> - Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins / lærdómur. - Hefur eitthvað komið fram sem þið getið ráðlagt öðrum? - Hvers konar stuðning, þekkingu, námsefni, ráðgjöf telur skólinn sig þurfa til áframhaldandi jafnréttisstarfs?
<p>Lokaorð</p> <ul style="list-style-type: none"> - Lokaorð frá skýrsluhöfundum
<p>Fylgiskjöl</p> <ul style="list-style-type: none"> - Til dæmis, náms- og/eða kennsluefni, kennsluleiðbeiningar, myndefni, vefsíður, hljómbönd.

Fylgiskjal 7

Jafnréttisfræðslufundir með grunnskólakennurum á Akureyri.

Jafnréttisfræðslufundir með kennurum og starfsfólki grunnskólanna á Akureyri

Föstudagurinn 14. ágúst - Lundarskóli

09:00 – 9:20	Kynning á Jafnréttisstofu og stöðu jafnréttismála í dag. Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.
09:20 – 9:40	Ákvæði laga og námskráa um jafnrétti kynjanna og hlutverk jafnréttisráðgjafa menntamálaráðuneytisins. Jóna Pálsdóttir, jafnréttisráðgjafi menntamálaráðuneytisins.
09:40 – 10:00	Þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum. Arnfríður Aðalsteinsdóttir verkefnisstjóri á Jafnréttisstofu.
10:00 – 10:15	Umræður og kaffihlé
10:15 – 10:30	Lundarsel. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Helga María og Þórlaug Baldvinsdóttir kennarar í Lundarseli.
10:30 – 10:45	Lundarskóli. Jafnrétti kynjanna, náms- og starfsfræðsla. Guðrún Brynja Sigurðardóttir og Helga Ragnheiður Gunnlaugsdóttir kennarar í Lundarskóla.
10:45 – 11:00	Framhaldið. Hvað svo?

Mánudagurinn 17. ágúst - Brekkuskóli

14:00 – 14:20	Kynning á Jafnréttisstofu og stöðu jafnréttismála í dag. Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.
14:20 – 14:40	Ákvæði laga og námskráa um jafnrétti kynjanna og hlutverk jafnréttisráðgjafa menntamálaráðuneytisins. Jóna Pálsdóttir, jafnréttisráðgjafi menntamálaráðuneytisins.
14:40 – 15:00	Þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum. Ingibjörg Elíasdóttir sérfræðingur á Jafnréttisstofu.
15:00 – 15:15	Umræður og kaffihlé
15:15 – 15:30	Lundarsel. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Helga María og Þórlaug Baldvinsdóttir kennarar í Lundarseli.
15:30 – 15:45	Lundarskóli. Jafnrétti kynjanna, náms- og starfsfræðsla.. Guðrún Brynja Sigurðardóttir og Helga Ragnheiður Gunnlaugsdóttir kennarar í Lundarskóla.
15:45 – 16:00	Framhaldið. Hvað svo?

Fylgiskjal 8

Starfsdagur með grunnskólakennurum í Fjarðabyggð.

Endurmenntun

Jafnréttis- og kynjafræði fyrir kennara

Í 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 2008 er kveðið á um að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal leggja áherslu á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Forsenda markvissrar jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum eru vel menntaðir kennarar á sviði jafnréttis og kynjafræði. Að jafnaði hafa ekki verið sérstök námskeið í kynjafræði í kennaranáminu, þótt sums staðar hafi verið hægt að sækja valnámskeið á þessu sviði. Jafnréttisstofa og Fjarðabyggð vill bæta úr þessu og býður upp á endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi kennara í Fjarðabyggð. Markmið er að efla kynjafræðilegan grunn kennara og auka þekkingu þeirra á jafnréttismálum.

Tími: Mánudagur 17. ágúst frá 09:00 – 16:00

Staður: Grunnskóli Reyðarfjarðar

Drög að dagskrá

- 10:00 - 10:30 Ákvæði laga og námskráa um jafnrétti kynjanna. Hlutverk jafnréttisráðgjafa. Jóna Pálsdóttir jafnréttisráðgjafi í menntamálaráðuneytinu.
- 10:30 - 11:00 Jafnréttisfræðsla til hvers?
Tryggvi Hallgrímsson og Bergljót Þrastardóttir, sérfræðingar á Jafnréttisstofu.
- 11:00 – 11:15 Kaffihlé
- 11:15 – 11:45 Þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum*.
Arnfríður Aðalsteinsdóttir verkefnisstjóri á Jafnréttisstofu.
- 11:45 – 12:30 Jafnrétti kynjanna frá landnámi til vorra daga.
Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir kennarar í Vogaskóla.
- 12:30 - 13:30 Matarhlé
- 13:30 - 15:00 Vinnustofur
- Jafnréttisáætlun skóla.
Markmiðið er að styðja skólastjórnendur við að fara að lögum og innleiða jafnréttisstarf og jafnréttisfræðslu inn í allt skólastarf.
 - Kennsluáætlun / verkefnalýsing á grundvelli jafnréttisfræðslu í skólum.
Markmiðið er að styðja kennara við að vinna kennsluáætlanir á grundvelli jafnréttisfræðslu / jafnréttisstarfs í skólum.
Vinnustofunni verður skipt eftir stigum.
- 15:00 - 15:15 Kaffihlé
- 15:15 - 16:00 Niðurstöður úr vinnustofum.
Hvernig gerum við jafnréttisstarf sýnilegt í skólastarfi?
Samantekt / Næstu skref og eftirfylgni (6. október 2009 og 2. febrúar 2010).

Fylgiskjal 9

Námskeið fyrir leikskólakennara í Fjarðabyggð.

Endurmenntun

Jafnréttis- og kynjafræði fyrir kennara

Í 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 2008 er kveðið á um að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal leggja áherslu á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Forsenda markvissrar jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum eru vel menntaðir kennarar á sviði jafnréttis og kynjafræði. Að jafnaði hafa ekki verið sérstök námskeið í kynjafræði í kennaranáminu, þótt sums staðar hafi verið hægt að sækja valnámskeið á þessu sviði. Jafnréttisstofa og Fjarðabyggð vill bæta úr þessu og býður upp á jafnréttisfræðslufundi og / eða námskeið fyrir starfandi kennara og starfsfólk á leikskólum í Fjarðabyggð. Markmið er að efla kynjafræðilegan grunn kennara og auka þekkingu þeirra á jafnréttismálum.

Tími: Þriðjudagur 6. október frá 17:00 – 21:00

Staður: Fróðleiksmolinn á Reyðarfirði

Drög að dagskrá

- 17:00 - 17:30 Kynning og umræður.
Þóroddur Helgason fræðslustjóri í Fjarðabyggð.
- 17:30 – 17:50 *Jafnréttisfræðsla til hvers?*
Bergljót Þrastardóttir, sérfræðingar á Jafnréttisstofu.
- 17:50 – 18:10 *Þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum.*
Arnfríður Aðalsteinsdóttir verkefnisstjóri á Jafnréttisstofu.
- 18:10 – 18:30 *Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.*
Helga María Þórarinsdóttir leikskólakennari í Lundarseli á Akureyri.
- 18:30 – 19:00 Umræður
- 19:00 – 19:30 Matarhlé
- 19:30 – 20:15 HópaVinna.
a) Staðalmyndir kynjanna í barnabókum.
b) Valtímar og frjáls leikur barnanna.
c) Foreldrasamstarf.
d) Barnabókin *Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Ragnar var Rósa.*
- 20:15 – 20:45 Niðurstöður hópavinnu.
- 20:45 – 21:00 Samantekt / Næstu skref og eftirfylgni.

